

AUÐUR JÓNSDÓTTIR

Fór í ógleymanlega siglingu til Marokkó

• á ferðinni • nám

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



DRÖFN ÖSP SNORRADÓTTIR

Kennir útlendingum að versla á Íslandi

Flugfélag skipuleggur verslunarferðir til Íslands

FÓLK 22



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

12. nóvember 2008 – 310. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Ört vaxandi stétt

Félagsráðgjafafélagið gefur út fyrsta félagatalið sem varpar ljósi á sögu og þróun greinarinnar á Íslandi.

TÍMAMÓT 12



### Rómantískt skáld



Stefán Máni sendi unnustunni kveðju í einkamálaláki Fréttablaðsins.

FÓLK 22

### Varðveitum þekkinguna

„Reynsla víða um lönd sýnir að endurreisn þróttmikils atvinnulífs verður ekki nema fyrir tilstuðlan háþróaðs fjármálakerfis,“ skrifar Finnur Sveinbjörnsson.

Í DAG 10


### Eiður í frí

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari gaf Eiði Smára frí og valdi hann ekki í hópinn fyrir vináttulandsleikinn gegn Möltu.

ÍPRÓTTIR 18



### VEÐRIÐ Í DAG



FROSTLAUST SYÐRA í dag verður yfirleitt hæg, suðlæg eða breytileg átt. Rigning eða slydda sunnan til annars yfirleitt úrkomulífið. Frostlaust syðra annars vægt frost.

VEDUR 4

## Stendur á svörum hjá ráðamönnum

Fréttamenn reka sig iðulega á að fátt er um svör hjá stjórnvöldum og stofnunum við fyrirspurnum þeirra um efnahagsvandann. Fjöldi spurninga er ósvarað á sama tíma og ráðamenn tala um mikilvægi þess að upplýsa almenning.

**EFNAHAGSMÁL** Fjöldi fyrirspurna um efnahagsástandið er ósvarað í ýmsum geirum stjórnkerfisins. Ráðherrar og forsvarsmenn nefnda, ráða, stofnana og fyrirtækja í ríkiseigu hafa hunsað fyrirspurnir. Á sama tíma tala stjórnvöld um mikilvægi upplýsingagjafar og forsætisráðherra segir hvern sem ber sig eftir þeim fá þær.

„Upplýsingaflæðið hefði mátt vera betra. Það er betra að hafa umræðuna upplýsta svo menn hafi skýra sýn,“ segir Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar. Hann telur ýmsar skýringar vera á upplýsingaskortinum.

„Fyrst voru stjórnvöld afar mikið í rústabjörgun. Síðan kemur þetta upp með Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og það leggur ákveðinn grunn. Það mál frestast síðan aftur og aftur og tefur aðra þætti.“

Árni telur mikilvægt að almenningur fái skýrar upplýsingar. „Það þarf fljótlega að koma skýr sýn á hvert við stefnum. Við sjáum það á mótmælum til dæmis að þau verða mjög ómarkviss. Maður veit eiginlega ekki hverju er verið að mótmæla. Það er betra fyrir alla að hafa skýra sýn.“

Pétur H. Blöndal, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að bæta

hefði mátt upplýsingagjöf. Menn verði þó að átta sig á því að við lifum á óvissutímum.

„Auðvitað má bæta þetta en við megum heldur ekki gera neitt annað en að safna upplýsingum. Menn hafa nóg að gera við að bregðast við ástandinu. Við í efnahags- og viðskiptanefnd höfum ekki fengið svör við öllum okkar fyrirspurnum og það er bara skiljanlegt. Það er mikið að gera hjá öllum sem koma að þessum málum.“

Í Fréttablaðinu í dag getur að líta dæmi um þær fyrirspurnir sem ekki hafa fengist svör við.

- kóp / sjá síðu 6

## Starfar með stjórnunum

**FÓLK** „Þetta er ofsalegur heiður og ofboðslega spennandi,“ segir Ingi Þór Jónsson, sem hefur verið ráðinn sem verktafi og verkefnastjóri stærstu listamiðstöðvar Norður-Bretlands, The Novas Contemporary Urban Center.



INGI ÞÓR JÓNSSON

Fyrsta verkefni hans í næstu viku verður að taka á móti leikstjóranum Guy Ritchie og þeim Jude Law og Robert Downey Jr. sem verða með aðstöðu í listamiðstöðinni í tengslum við tökurláttá stórmyndinni Sherlock Holmes. „Það verður gaman og þetta er líka góð auglýsing fyrir það sem við erum að gera,“ segir Ingi.

- fb / sjá síðu 22

Fara fram hjá Seðlabanka:

## Erum í helvítis vandræðum

**VIÐSKIPTI** „Við tökum gjaldeyri heim í gegnum Seðlabankann en erum í helvítis vandræðum. Þetta hefur þó aðeins verið að koma inn síðustu tvo daga,“ segir Ólafur Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar.

Íslensk útflutningsfyrirtæki hafa átt í vandræðum með gjaldeyrisviðskipti í gegnum Seðlabankann frá ríkisvæðingu bankanna þriggja fyrir mánuði og hafa gjaldeyristekjur nokkurra þeirra horfið í nokkra daga innan veggja bankans.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að útflutningsfyrirtæki hafi brugðið á það ráð að fara fram hjá Seðlabankanum í viðskiptum sínum við útlönd með hjáleið í samstarfi við íslensk fjármálfyrirtæki erlendis. Þetta þykir áhættusöm leið.

- job / sjá Markaðinn



**HÁTÍÐ** Pólverjar fögnuðu í gær að liðin eru 90 ár frá því landið fékk sjálfstæði. Hinn 11. nóvember 1918 lauk fyrri heimsstyrjöldinni og Pólland endurheimti sjálfstæði sitt. Til að minnast tímamótanna gerðu margir Pólverjar sér glaðan dag í húsakynnum pólska konsúlatsins við Skúlatún en þar var áður fundarsalur borgarstjórnar Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hagfræðidoktor leggur til að ekki verði fengin aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

## Aðstoðin strandar á öðrum lánum

**EFNAHAGSMÁL** Umsókn Íslands hefur ekki verið sett á dagskrá stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar sem ekki hefur tekist að útvega fjármagn. Þetta hefur Markaðurinn eftir talsmanni sjóðsins.

Rætt hefur verið um að sjóðurinn láni Íslendingum um tvo milljarða Bandaríkjadala, en aðrir bæti fjór- um milljörðum við. Talsmaðurinn bætir því við að vel gangi að fá loforð fyrir fé og búist sé við að stjórn sjóðsins taki málið fyrir fljótlega.

Lilja Mósesdóttir, doktor í hagfræði, telur hins vegar að ekki eigi að styðjast við aðstoð sjóðsins nú. Hún tekur sem dæmi nýlega vaxtahækkun Seðlabankans,

sem á að hindra útstreymi erlends fjármagns, ásamt lánsfénu. „Um það eru fjölmörg dæmi að vaxtahækkun dregur ekki úr útstreymi fjármagns í fjármálakreppu,“ segir Lilja. Hún vill heldur horfa til ríkja umhverfis okkur. „Þau lækka vexti og auka ríkisútgjöld með því að lána fyrirtækjum og heimilum sem standa illa.“

Lilja leggur til efnahagsaðgerðir í sjö liðum, meðal annars að útstreymi fjármagns úr landi verði skattlagt verulega.

Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður telur það hins vegar illfrankvæmanlegt. Það hljóti að brjóta í bága við EES-samninginn.

- ikh / sjá Markaðinn

OPIÐ

til 20

alla daga

HAGKAUP  
Ein ferð betra verð

Kafbátur mánaðarins

BMIT

6 tommu bátur

329kr.

Gildir í nov 08. Gildir ekki með öðrum tilboðum s.s. Stjórnumáli

muundu eftir mjólkinni!





# Ertu að leita að góðum innlánsvöxtum?

7,70% innlánsvextir  
á verðtryggðum sparnaðarreikningi

- Betri innlánsvextir
- Öruggur sparnaður
- Engin lágmarksupphæð
- 36 mánaða binditími





# Láttu hreyfa við þér!

Leiksýningar sem snerta, skemmta og spyrja áleitinna spurninga



★★★★ „Virkelega gott leikrit... má enginn leiklistarunnandi missa af sýningunni...“

JVJ, DV

„Vestrið eina er margbrotið verk... Þetta er bráðskemmtileg, kolsvört kómedía, þó alvarleg í grunninn. Sýningin í heild er vel heppnuð og aðstandendum til sóma.“

I.Þ. Morgunblaðið

„Þeir bera leikni hans (leikstjórans) fagurt vitni... fá tveir hörku-leikarar verkefni við hæfi og vinna snilldarlega úr því, hvor á sinn hátt... samspil þeirra tveggja var óaðfinnanlegt... Það er óskandi að leikhúsgestir þyrpist á Nýja sviðið.“

S.A. Tímarit Máls og menningar

„Afragðs leikaravinna, vel þess virði að sjá“

PBB, Fréttablaðið

„Verkið er feikilega vel skrifað, samtölin eru beitt og vel upp byggð... sýningin er vel unnin og á ekki síst erindi í dag, hér er fjallað um óhefta græðgi, botnlaus einstaklingshyggju og fáránlegt siðleysi...“ ÞES, Viðsjá RÚV

## NÆSTU SÝNINGAR

Fim 13.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Fim 20.11	Kl. 20:00	Örfá sæti laus
Fös 14.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Fös 21.11	Kl. 20:00	Örfá sæti laus
Lau 15.11	Kl. 20:00	Örfá sæti laus	Lau 22.11	Kl. 20:00	Örfá sæti laus
Sun 16.11	Kl. 20:00	Örfá sæti laus	Sun 23.11	Kl. 20:00	



„Ég var alveg orðin tvöföld í sætinu af hlátri...“

„... sýningin er dýrleg leikhúsreynsla...“

S.A. - Tímarit Máls og menningar

„Fín skemmtun af flínkum trúðum...“

Allur frágangur á sýningunni er fyrsta flokks...“

Ekki missa af Dauðasyndunum.“

PBB, Fréttablaðið

„Sýningin er bráðfyndin og skemmtileg en með háalvarlegum tóni.“

I.Þ. Morgunblaðið

## NÆSTU SÝNINGAR

Þri 11.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Þri 18.11	Kl. 20:00	UPPSELT
Mið 12.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Mið 19.11	Kl. 20:00	UPPSELT
Lau 15.11	Kl. 15:00	UPPSELT	Lau 22.11	Kl. 15:00	UPPSELT

Vegna mikillar eftirspurnar verður ein aukasýning á Stóra sviðinu,

## Dauðasyndirnar XXL!

Þri 26.11 20.00 Örfá sæti laus

Miðasala er í síma 568 8000 og á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)

Munið: Snarpur sýningartími. Tryggðu þér miða strax!



Borgarleikhúsið

## KJÖRKASSINN



Finnst þér stjórnvöld á Norðurlöndum hafa reynt okkur vel í efnahagsvandannum?

Já	36,8%
Nei	63,2%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga stjórnvöld að afþakka komu breskrar flugsveitar til landsins í desember?

Segðu þína skoðun á visir.is



Þjóðhátíð í Póllandi:

## Walesa var ekki boðið í veisluna

**PÓLLAND, AP** Lech Kaczyński, forseti Póllands, bauð ekki Lech Walesa á hátíðarsamkomu í tilefni af fullveldisdegi Póllands, sem var í gær.



LECH WALESA

Lech Walesa er fyrrverandi forseti, Nóbelsverðlaunahafi og frjálsræðis-hetja sem á sínum tíma var í fararbroddi fyrir baráttunni gegn kommúnistastjórn landsins.

Kaczyński segir að Walesa hafi móðgað sig svo oft, að hann hafi ekki geð í sér til að verða fyrir fleiri móðgunum frá honum.

Til samkomunnar var boðið leiðtogum ýmissa ríkja, þar á meðal Þýskalands, Afganistans og Úkraínu. Í gær voru 90 ár liðin frá því að Pólland varð sjálfstætt ríki árið 1918.

- gb

Rauði kross Íslands:

## Vefsíða á fimm tungumálum

**HJÁLPARSTARF** Rauði kross Íslands hefur opnað vefsíðu með upplýsingum á fimm tungumálum; ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og taílensku. Með þessu vill Rauði krossinn auðvelda aðgengi útlandinga á Íslandi að mikilvægum upplýsingum með því að safna þeim á einn stað.

Á síðunni, redcross.is/immigrants, getur fólk kynnt sér starfsemi Rauða krossins og sjálfböðaverkefni. Þar eru einnig upplýsingar um mikilvægar stofnanir sem útlandingar geta leitað til.

- kg

## FRÉTTASKÝRING: Upplýsingar um efnahagsástand

# Fátt um svör hjá ráðamönnum

„Fólk sem ber sig eftir upplýsingum á að geta fengið þær,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í samtali við Morgunblaðið í gær. Reyndin er hins vegar sú að fjölmiðlamenn reka sig æ oftar á það að þeir fá ekki þær upplýsingar sem óskað er eftir. Síðan efnahagskreppan skall á hefur reynt æ erfiðara að fá svör við öllum fyrirspurnum sem ráðamönnum og stofnunum eru sendar. Fréttablaðið hefur tekið saman dæmi um þær spurningar sem blaðamenn hafa talið brýnt að fá svör við en ekki fengið. Þetta er ekki tæmandi listi en vitnar þó um að þótt maður beri sig eftir upplýsingunum er ekki þar með sagt að séu í hendi.



### Ríkisstjórnin

Hvað felst í þeirri efnahagsáætlun sem fylgir umsókn um lán til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

Upplýsinga hefur verið óskað síðan kvittur komst á um lán frá sjóðnum. Ráðherrar hafa borið við leynd samkvæmt reglum sjóðsins. Seðlabankinn sendi þó út tilkynningu um að hækkun stýrivaxta í 18 prósent væri hluti áætlunarinnar.

Hverjir unnu áætlunina og hvaða ráðherrar hafa séð plaggið í heild?

Engin svör hafa fengist, en eftir því sem næst verður komist hafa sex ráðherrar séð plaggið ásamt sérfræðingum sem til voru kallaðir þegar áætlunin var unnin.

Hverjar eru, ef einhverjar, kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á hendur stjórnvöldum?

Einu svörin sem hafa fengist er að engar kröfur séu gerðar sem ekki séu ásættanlegar.

Hvar verður skorið niður til að mæta minnkandi tekjum?

Ítrekað hefur verið óskað upplýsinga frá fjölda ráðherra. Hefur verið vísað í að Alþingi sé að vinna fjárlög og því fáist engin svör.



**Árni Mathiesen fjármálaráðherra** Var hart sótt að Íslendingum á fundi fjármálaráðherra ESB og EES í Brussel í síðstu viku?

Á fundinum kom upp sú hugmynd að skipa umræðupanel lögfræðinga til að leysa deilu Íslendinga og Breta. Af hverju varð ekki á því?

Ítrekað hefur verið reynt að ná simasambandi við Árna vegna



ÁRNI MATHIESEN

ríkisstjórnarfund á þriðjudag, en svaraði ekki.

### Geir H. Haarde forsætisráðherra



GEIR H. HAARDE

Dú hefur sagt hafa unnið að sameiningu Glitnis og Landsbankans í ágústmánuði. Getum við fengið gögn um þau mál?

Erindi sent 30. október. Hefur ekki verið svarað.



### Skilanefnd Kaupþings

Hversu margir fengu lán frá bankanum til að kaupa hlutabréf samkvæmt kaupréttarsamningum?

Hversu háum fjármunum nema kröfur á hendur þessum starfsmönnum vegna viðskiptanna?

Formaður skilanefndar vísar spurningum til bankans.

Hver er aldurs- og kynjadreifing þeirra sem sagt var upp?

Fyrirspurn send 21. október og ítrekuð í gær. Þá vísaði formaður skilanefndar á starfsmannastjóra nýja Kaupþings.



### Skilanefnd Landsbanka

Hversu margir fengu lán frá bankanum til að kaupa hlutabréf samkvæmt kaupréttarsamningum?

Hversu háum fjármunum nema kröfur á hendur þessum starfsmönnum vegna viðskiptanna?

Fyrirspurn send 31. október. Engin svör hafa borist.

Hver er aldurs- og kynjadreifing þeirra sem sagt var upp?

Fyrirspurn send 21. október og margítrekuð síðan. Upplýsingum neitað.

Hverjir seldu Ímon, í eigu Magnúsar Ármanns, hlut fyrir milljarða skómmu fyrir yfirtöku ríkisins? Hvernig var greitt fyrir hlutinn? Hvaða innherjar, eða stjórnendur bankans og aðilar þeim tengdir, áttu viðskipti með bréf í bankanum skómmu fyrir yfirtökuna?

Spurt símlíðis í byrjun október. Engin svör fengust.

Hverjar eru eignir Landsbankans í Bretlandi?

Fyrirspurn send 22. október. Upplýsingum neitað.

Hver eru laun Elínar Sigfúsdóttur bankastjóra?

Fyrirspurn send 22. október og margítrekuð. Engin svör hafa borist.



### Skilanefnd Glitnis

Hversu margir fengu lán frá bankanum til að kaupa hlutabréf samkvæmt kaupréttarsamningum?

Hversu háum fjármunum nema kröfur á hendur þessum starfsmönnum vegna viðskiptanna?

Fyrirspurn send 31. október. Engin svör hafa borist.

Hver er aldurs- og kynjadreifing þeirra sem sagt var upp?

Fyrirspurn send 21. október og margítrekuð síðan. Upplýsingum lofað en hafa ekki borist.



ÁRNI TÓMASSON



STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON



### Fjármálaeftirlitið

Hverjar eru eignir Landsbankans í Bretlandi? Hvers virði eru þær eignir?

Fyrirspurn send 22. október. Upplýsingum hafnað. Ýmsar aðrar fyrirspurnir hafa farið til Fjármálaeftirlitsins og ýmist verið svarað eða hafnað.



JÓNAS FR. JÓNSSON



### FRÉTTASKÝRING

KOLBEINN ÖTTARSSON PROPPÉ kolbeinn@frettabladid.is

# Bjart framundan með 66°Norður

Ævintýralegar skammdægisgöngur um fjöll og firnindi með 66°Norður og Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum.

Allir velkomnir á fræðslufund þar sem farið verður yfir öll helstu atriði í klæðnaði og útbúnaði fyrir göngur auk ferðakynningar frá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum.

Fræðslufundur 12. nóvember kl. 20:00 í húsaeyrnunum 66°Norður í Faxafeni 12

Nánari upplýsingar á [www.66north.is](http://www.66north.is)

# Stórtónleikar í Háskólabíói miðvikudaginn 12. nóvember kl. 20



## ÞÚ GETUR!

Stofnaður hefur verið nýr forvarna- og fræðslusjóður til styrktar þeim sem eiga við geðræna vanlíðan eða veikindi að stríða. Markmið sjóðsins eru að afla styrkja til náms, berjast gegn fordómum og efla nýsköpun í geðheilbrigðisþjónustu.

Fjáröflun hefst með stórhuga tónleikahaldi í Háskólabíói, miðvikudaginn 12. nóvember kl. 20. Margir af þekktustu tónlistarmönnum og bestu skemmtikröftum þjóðarinnar leggja málefniinu lið og gefa til þess vinnu sína. Verkefnastjóri er Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir. Auk tónlistar og listviðburða verður fræðsla um geðheilbrigði, forvarnir og eflingu.

Húsið verður opnað **kl. 19.30** – dagskrá hefst **kl. 20.00**

**Helga Braga** og **Pétur Jóhann**

Ólafur Þór Ævarsson, læknir og formaður stjórnar sjóðsins

**Ragnheiður Gröndal**

**Í svörtum fötum**

Heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson

Hljómsveitin **Buff & Þórhallur Sigurðsson (Laddi)**

**Hera Björk**

**Geir Ólafs**

Sr. Pálmi Matthíasson, stjórnarmaður sjóðsins

Strákarnir frá Duett.is, **Davíð Ólafs** og **Stefán Helgi**

**Klaufarnir**

Sigurður Guðmundsson, læknir og stjórnarmaður sjóðsins

**Magni**

**Páll Rósinkranz**

**ABBA show-spútnik** og **HARA-systur**

**Sálin hans Jóns mins**

Aðgangseyrir er 2.000 kr. Miðasala er í verslunum **LYFJU** á höfuðborgarsvæðinu.

Þeim sem styðja vilja sjóðinn með upphæð að eigin vali er bent á bankareikning nr. **1158-26-1300**, kt. **621008-0990**.

**Nýr forvarna- og fræðslusjóður til styrktar þeim sem eiga við geðræna vanlíðan eða veikindi að stríða.**











# Stærsti leikur allra tíma

Game Card fyrir WOW  
Gott verð!



Sælgæti og orkudrykkur  
fylgir frítt með WOW

# 5.989 kr.



## Miðnæturopnun í Holtagörðum

Húsið opnar kl. 23 í kvöld  
- biðröð í hlýjunni innanhúss



7.1 Megapixel

Nikon L16  
Stafræn myndavél • 7.1 milljón punkta  
upplausn • 3x Zoom-NIKKOR linsa • 2.8" LCD  
skjár • Hristivörn á sjálfvirkri lýsingu (AE)

# 17.989 kr.



100Hz Philips 32PFL7403D  
32" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn •  
Perfect Pixel Plus 3 HD • 40.000:1 skerpu • 100Hz LCD



Panasonic TX32LM70F  
32" V-Real LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • V-Real •  
Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • VIERA Link • Backlight Control

# 119.989 kr.



Nýjasti  
Motorstorm  
fylgir frítt

PS3

80Gb

# 69.989 kr.

DVD myndir  
**989 kr.**



Hundruðir DVD titla í boði!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Tilboð gilda til þriðjuddags eftir birtingu.

### OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kaupúni 1 Gardabæ og  
Holtagörðum - Sími 412 2200  
www.max.is


Beint á móti IKEA  
og í Holtagörðum





# TÖLVULEIKIRNIR

FÁST Í TÖLVULISTANUM Á BETRA VERÐI



## MIDNÆTUROPNUM

OPNUM KL 00:00 Í KVÖLD Í VERSLUNUM OKKAR



REYKJAVÍK  
AKUREYRI  
EGILSSTÖÐUM  
SELFOSSI  
KEFLAVÍK

**10%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
MÚSUM OG LYKLABORÐUM

**10%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
SKJÁKORTUM

**20%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
MÚSAMOTTUM

# TÖLVU LISTINN

TL.IS  
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR  
NÓATÚNI 17 S: 414 1700 STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750 HLÍÐASMÁRA 10 S: 414 1760





ROLEX  
Franch Michelsen  
ÚRSMÍÐAMEISTARI  
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900  
WWW.SVISS.IS

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vistvæna  
prentsmiðjan!  
GUDJÓNÓ  
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
SÍMI 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 12. nóvember 2008 – 46. tölublað – 4. árgangur

Vefvang: visir.is – Sími: 512 5000 

## Áhættusöm hjáleið

### Eiga viðskipti fram hjá Seðlabankanum



## Beðið eftir IMF

### Einfaldur meirihluti dugir



## Ásgeir Jónsson

### Alvarlegir ókostir fylgja einhliða upptöku evru



JÓNAS FR. JÓNSSON, FORSTJÓRI FME  
Fjármálaeftirlitið metur daglega stöðu fjármála-  
fyrirtækja Kauphallarinnar.

## Í daglegri skoðun

Svo gæti verið að viðskipti hefjist á allra næstu dögum, jafnvel í dag, með hlutabréf Existu, Spron og Straums, ef marka má þann orðróm sem barst víða um bankheiminn í gær.

Viðskipti voru stöðvuð með bréf í félögum þremur eftir ríkisvæðingu bankanna þriggja 6. október síðastliðinn. Í tilkynningu á vef Kauphallarinnar sama dag sagði að ákvörðunin hefði verið tekin til að vernda jafnræði fjárfesta. Fyrr um morguninn voru þau, ásamt bréfum Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, sett á athugunarlista vegna umtalsverðrar óvissu varðandi verðmyndun vegna hættu á ójafnræði meðal fjárfesta.

Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um það hvenær viðskipti hefjast á ný með hlutabréf fjármálfyrirtækjanna. „Staða þeirra er metin á hverjum degi,“ segir Úrsúla Ingvardsdóttir, talsmaður Fjármálaeftirlitsins. - jeb

## Afleit staða Giftar

Óvíst er að eignir fjárfestingafélagsins Giftar dugi fyrir skuldum.

Samkvæmt skýrslu stjórnar Giftar 15. júní í fyrra, námu heildarskuldur og skuldbindingar félagsins ríflega 30 milljörðum króna. Þá námu eignirnar tæpum 60 milljörðum.

Helstu eignir í skráðum félögum voru í Kaupþingi og Existu. Kaupþingshluturinn hvarf og Existuhluturinn er nú 2,8 milljarða króna virði. Virði hlutar félagsins í Icelandair nemur líklega um einum milljarði króna.

Gift átti einnig hluti í Landsbanka og Glitni og Straumi.

Eignir í óskráðum félögum námu um einum milljarði fyrir ári.

Hátt í 50 þúsund aðilar áttu von á hlutum í Gift.

Menn sem Markaðurinn hefur rætt við segja augljóst hvert stefni. Einn tók jafnvel svo til orða að aðeins kistulagningin væri eftir.

- ikh

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Raftækjaprot** | Circuit City, ein stærsta raftækjaverslanakeðja Bandaríkjanna, sótti um greiðslustöðvun á mánudag. Fyrirtækið rekur 721 verslun í Bandaríkjunum.

**American Express** | Seðlabanki Bandaríkjanna hefur samþykkt umsókn kreditkortafyrirtækisins American Express um bankaleyfi til þess að auðvelda fyrirtækinu aðgang að lánsfé.

**Sala ekki minni í 30 ár** | Nýjar tölur sýna að botninn hefur dottið úr breskum fasteignamarkaði. Sölusamningar hafa ekki verið færri í að minnsta kosti þrjátíu ár og samtök fasteignalánveitenda segja lánsúmsóknir í september 57 prósent færri en í fyrra.

**Gott gengi** | Sala hamburgara-keðjunnar McDonald's í október jókst um 8,2 prósent milli ára. Greiningardeildir þakka velgengnina „1-dollara matseðli“ fyrirtækisins, því ódýrir hamburgerar heilli í krepunni.



**Lægsta gengi í 62 ár** | Við lokun markaða á mánudag stóð gengi bréfa í bandaríska bílaframleiðandanum General Motors í 3,36 dollurum, og hefur ekki verið lægra í 62 ár. Barclays telur að bréfin muni falla í einn dollara von bráðar. Deutsche Bank telur þau verðlaus.

**Mettap Fannie Mae** | Tap bandaríska fasteignalánasjóðsins Fannie Mae á þriðja ársfjórðungi nam 29 milljörðum dollara. Það er eitthvert mesta tap nokkurs bandarískis fyrirtækis. Óttast er að 100 milljarðar sem ríkið hefur heitið sjóðnum dugi ekki til að halda honum á floti.

**Óvænt bjartsýni** | Væntingar þýskra fjárfesta jukust óvænt í nóvember, samkvæmt mælingu ZEW-rannsóknarstofnunarinnar. Vísitalan hækkaði í -53,5 stig, úr -63 stigum í október. Lægst náði vísitalan í júlí, -63,9 stig. Talið er að því hafi valdið viðamiklar aðgerðir stjórnvalda til að losa um lánsfjáarkreppuna.

# Fyrirtæki horfa til hjáleiddar með krónur

## Útflutningsfyrirtæki hafa í nokkrum mæli átt í erlendum viðskiptum fram hjá Seðlabankanum. Of áhættusöm viðskipti, segir framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

„Við tökum gjaldeyri heim í gegnum Seðlabankann en erum í helvítis vandræðum. Þetta hefur þó aðeins verið að koma inn síðustu tvo daga,“ segir Ólafur Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar.

Ólafur sagði í samtali við Markaðinn fyrir mánuði fyrirtækið ekki hafa fengið gjaldeyri í tíu daga, allt vera stöpp og menn horfa í gaupnir sér. „Nú höfum við fengið 14.544 evrur síðustu fimm vikur, en áttum að fá helling í viðbót,“ sagði hann í gær. Upphæðin sem beðið var eftir í tíu daga hafi reynst liggja í Seðlabankanum allan tímann.

Þrátt fyrir þetta segir hann ekki koma til greina að virkja aðrar leiðir til útlandiútskipta, svo sem með viðskiptum til hliðar við Seðlabankann eða með því að geyma gjaldeyri erlendis þar til hremmingarnar líði hjá á íslenskum gjaldeyrismarkaði. „Ég kem ekki nálægt því. Okkur veitir ekki af því að fá gjaldeyri strax inn í landið til að styrkja kerfið og borga laun.“

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að fyrirtæki í útflutningi hafi í nokkrum mæli nýtt sér hjáleiddir fram hjá Seðlabankanum í erlendum viðskiptum sínum til að komast hjá þeirri tregðu sem skapaðist á íslenskum gjaldeyrismörkuðum eftir ríkisvæðingu bankanna.

Hjáleiðin felur í sér að útflutningsfyrirtækið semur við íslenskt fjármálfyrirtæki um stofnun yfirdráttareiknings í erlendum banka, jafnvel samstarfsbanka eða dótturfélagi hans á erlendri grund. Fjármálfyrirtækið tekur síðan veð í eign



**BINNÍ Í VINNSLUSTÖÐINN** Tveir stjórnendur útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi segja of áhættusamt að fara fram hjá Seðlabankanum í viðskiptum við útlönd. Það borgi sig að biða eftir erlendu fé heldur en eiga á hættu að tapa því öllu.

MARKAÐURINN/HÁRI

útflutningsfyrirtækisins erlendis. Þegar sala gengur í gegn dregur fjármálfyrirtækið á yfirdráttarheimildina en greiðir fyrirtækinu upphæðina fyrir eigin reikning hér heima. Andvirði sölu eigna útflutningsfyrirtækisins gengur síðan upp í yfirdráttinn og strikast við það út. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er hagnaður fjármálfyrirtækisins óverulegur.

Á móti felst talsverð áhætta í gjörningnum, ekki síst í skugga hruns og taugatitungs á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Óvíst sé hvort verið sé að leggja háar fjárhæðir inn á reikninga nær gjaldþrota fyrirtækis. Fari fjármálfyrirtækið sem geymi innleggið á hausinn tapist fjárhæðin.

„Við höfum skoðað þetta en treystum ekki þeim leiðum sem eru í boði, þetta er of áhættusamt,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

# Vara við einhliða upptöku evru

## Erlend mynt án stuðnings seðlabanka getur orsakað áhlaup á bankana. Fátt annað mun vera í stöðunni en setja krónuna á flot og byggja upp traust.

Hagfræðingarnir Gauti B. Eggertsson við Seðlabanka New York og Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, vara við hugmyndum um einhliða upptöku evru. Þeir segja slíkt skref geta orsakað áhlaup á íslenska banka.

„Það verður aldrei bankaáhlaup á nýju íslensku ríkisbankana því að það er til íslenskur seðlabanki. Ríkið getur alltaf prentað peninga og borgað fólki krónur. Vegna þess að allir vita þetta, trúir fólk viðskiptaráherra þegar hann segir að innistæður fólks á Íslandi séu tryggjar,“ segir Gauti á bloggsíðu sinni. „Ef Ísland tekur einhliða upp evru er þetta ekki hægt. Ríkið getur ekki prentað evrur. Og Evrópski seðlabankinn hefur engan áhuga á að lána okkur ef allir vilja taka út evrurnar sínar úr bönkunum, því að þeir eru á móti einhliða upptöku evru.“

Ásgeir Jónsson segir í grein í Markaðnum í dag, að lausn vandans felst því ekki í því að skipta myntinni út einhliða við núverandi aðstæður. „Flest bendir raunar til þess að það geti gert málin enn verri þar sem einhliða upptaka veldur því að peningaframbodið verður ytri stærð og veltur á lánaaðgengi ríkissjóðs á erlendri grund. Þannig stæðu íslensku bankarnir án lánveitenda til þrautarvara á innlendum markaði og gætu því hæglega lent í nýju bankaáhlaupi af hálfu innlendrar sparfjáræigenda.“

Ásgeir segir að landsmenn þurfi á krónunni að halda næstu misserin við endurreisn hagkerfisins og aðlögun að nýjum vaxtarferli sem hljóti að miðast við útflutning. „Við þessar aðstæður er fátt annað í stöðunni en að byggja upp nýtt traust á þjóðargjaldmiðlinum og fleyta honum á nýjan leik eins fljótt og unnt er,“ segir hann. - bih

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-6,0%	-43,0%
Atorka	12,0%	-94,3%
Bakkavör	-10,9%	-93,0%
Eimskipafélagið	3,1%	-96,1%
Exista	0,0%	-76,6%
Icelandair	0,0%	-52,1%
Kaupþing	0,0%	-100,0%
Marel	5,8%	-24,8%
SPRON	0,0%	-79,2%
Straumur	0,0%	-53,1%
Össur	10,9%	1,2%

\*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.  
Úrvalsvisitalan OMXI15 653.

## Fjalla um fallið áður en yfir fennir

„Þetta verður stutt en snörp bók um mestu efnahagsumbrot í sögu lýðveldisins,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, en hann vinnur nú að bók um sögu bankahrunsins. „Það hefur verið gríðarleg umræða um hrun bankanna í fjölmiðlum, og það hefur verið mjög erfitt fyrir fólk að fylgjast með hvað er að gerast og hafa yfirsýn yfir umræðuna og atburðarásina,“ segir Guðni.

Guðni segist ekki ætla að setja fram neina eina skýringu á hrunu, en leggja í staðinn áherslu á að veita yfirsýn yfir allar þær kenningar sem fram hafa komið.

„Það er full þörf á bók sem þessari, þar sem veitt er yfirsýn yfir viðbrögð, skýringar og skoðanir allra þeirra sem komið hafa að þessari atburðarás. Slík yfirsýn og samantekt er mjög mikilvæg fyrir umræðuna, því það fennir fljótt í öll spor í þeim byl sem þjóðin er nú stödd í.“

Til stóð að Ólafur Ísleifsson yrði meðhöfundur bókarinnar, en úr því verður ekki því hann hefur nú tekið sæti í bankaráði hins endurreista Glitnis.

Bókin er væntanleg með vor-mánuðum, en útgefandi hennar er JPV forlag.

- msh



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** í mars er stefnt að því að útkomi bók um bankahrunið. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur skrifar. MARKAÐURINN/ANTON

## Vefurinn aðlagast öllu

„Vefiðnaðurinn er sfbreytilegur og best í stakk búinn til að aðlagast breyttum aðstæðum,“ segir Þórlaug Ágústsdóttir, formaður Samtaka Vefiðnaðarins (SVEF).

Samtökin boða til Iceweb 2008, alþjóðlegar tveggja daga ráðstefnu um vefmál, sem hefst á morgun. Yfirskriftin er „Breytingar“ og vísar til þess að vefurinn sé í stöðugri mótun.

„Þarna gefst tækifæri til að hitta framvarðarsveitina í vefmálum,“ segir Þórlaug en á ráðstefnunni halda nokkrir heimsþekktir sérfræðingar erindi. - jab



**BAKKABRÆÐUR** Gengi Bakkavarar fimmtánfaldaðist frá skráningu árið 2000 til júlí 2007. Það fór undir útboðsgengi í gær og hefur aldrei verið lægra. MARKAÐURINN/VILHELM

## Bakkavör aldrei lægri

„Ég get ekki útskýrt hvers vegna gengi Bakkavarar er ekki hærra,“ sagði Ágúst Guðmundsson, forstjóri félagsins, á aðalfundi þess í vor. Hann vísaði til óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Gengi hlutabréfa í Bakkavör snerti 4,10 krónur á hlut í gær og hefur aldrei verið lægra.

Fyrirtækið, sem þeir bræður Ágúst og Lýður Guðmundssynir stofnuðu fyrir 22 árum, var skráð á markað um miðjan maí árið 2000. Bréf þess fóru á 5,5 krónur á hlut í útboði fyrir skráninguna en endaði krónu lægra á fyrsta viðskiptadegi í Kauphöllinni.

Bakkavör óx ásmegin eftir þetta sem skilaði sér í nokkuð snarpri gengishækkun hlutabréfa, ekki síst eftir 2002. Í tveggja á fyrri

náði gengið hæstu hæðum, síðast 20. júlí þegar það náði 72,1 krónu á hlut. Það er fimmtánföldun á sjö árum. Tveimur dögum fyrr sló Úrvalsvisitalan hæsta gildi í 9.016 stigum.

Fljótlega eftir þetta tóku gengi bréfanna dýfu líkt og vísitalan en gengisfallið á þessu rúma ári nemur 94 prósentum.

Þeir Bakkabræður lögðu bréf sín í Bakkavör inn í Meið, sem síðar varð Exista, fyrir sex árum en keyptu hann til baka 10. október síðastliðinn fyrir tæpa 8,4 milljarða króna á genginu 9,7 krónur á hlut. Miðað við loka-gengi bréfanna í gær nemur verðmæti hlutarins í dag 3,8 milljörðum króna og hefur því rýrnað um 4,8 milljarða á mánuði.

- jab

# Eitt aðildarríki vill meiri upplýsingar

Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) strandar ekki á upplýsingum um fjárlög, heldur lögfræðilegum álitaefnum. Lán frá Norðurlöndum verði afgreidd sem hluti af stærri pakka.

**Magnús Sveinn Helgason** skrifar

„Afgreiðsla á láni til Íslands strandar mér vitanlega á því að eitt ríki í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins óskar eftir frekari upplýsingum frá Íslendingum,“ segir Ilka Kajaste, fulltrúi Finna í Samstarfsnefnd Norðurlanda vegna efnahagsaðstoðar við Íslendinga. Hann segist ekki telja að ástæðan sé skortur á upplýsingum um fjárlagagerð eða fjárlög næsta árs, þó að Norðurlöndin hafi óskað eftir frekari upplýsingum um þau. „Það mál kemur þó ekki í veg fyrir afgreiðslu láns frá gjaldeyrissjóðnum,“ segir Kajaste. Svíar fara með atkvæði Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en saman ráða ríkin 3,44 prósentum atkvæða í stjórn sjóðsins.

„Þetta eru að mínu viti lögfræðilegar spurningar, en ég treysti mér ekki til að fara út í hverjar þær eru.“ Kajaste segist ekki geta sagt hvaða aðildarríki IMF standi gegn afgreiðslu láns til Íslands, en bætir við að „það er jú öllum kunnugt að Íslendingar



**POUL THOMSEN** Thomsen, aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuþingar IMF og formaður sendinefndar sjóðsins til Íslands, kynnir samkomulag Íslendinga og IMF. MARKAÐURINN/ANTON

og Bretar hafa deilt að undanförunu um lausn ákveðinna mála.“

Bretar eða aðrar þjóðir geta ekki beitt neitunarvaldi á afgreiðslu mála hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, því einfaldur meirihluti ræður úrslitum í stjórn sjóðsins. Bretar ráða yfir 4,86 prósentum atkvæða, en önnur ríki sem eiga í deilum við Íslendinga um lausn Icesave-reikninganna, Hollendingar og Belgar, fara fyrir 9,90 prósentum atkvæða. Óljóst er hvort þær lagatækni-legu spurningar sem Kajaste vísar til séu að lán til Íslendinga verði háð skilyrðum um að deilur Íslendinga og Breta vegna Icesave verði leystar.

Kajaste segir að Norðurlöndin bíði þess nú að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gangi frá láni til Íslands og að vænta megi þess að Finnar og aðrar þjóðir muni ganga frá lánveitingum til Íslands á sama tíma. „Það er lögd áhersla á að afgreiða þessar lánveitingar í einu. Ég geri ráð fyrir að Japanar, Rússar, Pólværjar og aðrar þjóðir sem hafa lýst sig reiðubúin að lána Íslendingum verði með í þeim pakka.“

- msh / sjá bls. 4-5



## Efnahagsþrengingar nágrannaþjóða

OPINN FUNDUR Á VEGUM BSRB Í DAG MIÐVIKUDAG, KL. 16:00 - 17:30 Í BSRB - HÚSINU GRETTISGÖTU 89

Á fundinum verður fjallað um hvernig Færeyingar og Finnar brugðust við efnahagsþrengingum á borð við þær sem Íslendingar upplifa nú

### Framsögu hafa

*Gunvør Balle* sendiherra Færeyja á Íslandi  
*Sigurbjörg Árnadóttir* framkvæmdastjóri

### Fundarstjóri

*Helga Jónsdóttir* framkvæmdastjóri BSRB

Að loknum framsöguverndum verður opnað fyrir spurningar úr sal



## Næstu gjalddagar 2010

„Við erum ekki með gjalddaga á bakinu þar til árið 2010. Það er langur tími í dag,“ segir Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri afþreyingafyrirtækisins Senu. Hann segir fyrirtækið í góðri stöðu á íslenskum afþreyingarmarkaði.

Eins og kunnugt er keypti Sena Skífuna ef Árdagi um síðustu mánaðamót. Sena heyrir undir 365 efh. Undir samstæðuhattinum eru sömuleiðis 365 miðlar, sem Jón Ásgeir Jóhannesson og hópur stjórnarteymis keyptu um svipað leyti.

Fjárfestarnir yfirtóku skuldir 365 upp á allt að 4,9 milljarða



**BJÖRN SIGURÐSSON**

auk þess sem reiðufjárgreiðsla upp á 1,5 milljarða verður nýtt til að lækka skuldir. Engin lánataka var vegna kaupna á Skífuni en fastafjárfestingar og lager koma á móti þeim birgiskuldum sem eru yfirteknar, samkvæmt upplýsingum frá Ara Edwald, forstjóra 365.

Eftir sölu 365 miðla stendur Sena og 63 prósent hlutur í EFG eftir í samstæðunni. Samþykki Samkeppniseftirlitið kaup Senu á Skífuni verða eftirstandandi skuldir þrjár milljarðar króna. Stærstu hlutinn er á gjalddaga í upphafi árs 2010.

- jab

## SPRON greiðir 85,5 prósent til sjóðsfélaga

Útgreiðsluhlutfall til sjóðsfélaga úr Peningamarkaðssjóði SPRON er 85,52 prósent. Í tilkynningu sem SPRON sendi frá sér síðdegis í gær kemur fram að greitt verði út 17. þessa mánaðar og þá í hlutfalli við eign sjóðsfélaga 3. október síðastliðinn.

„Útborgun úr sjóðnum verður lögð inn á innlánsreikning sem

stofnaður hefur verið á nafni sjóðsfélaga,“ segir í tilkynningu SPRON.

Bankinn segist harma eignarrýrnun sjóðsfélaga og óþægindi sem þeir hafi orðið fyrir um leið og sjóðsfélagum er þökkud þolinmæðin sem þeir hafi sýnt starfsfólki SPRON undanfarnar vikur.

- óká

# Heildarlausnir í hýsingarþjónustu

[www.tas.is](http://www.tas.is)

Hýsing hugbúnaðar

Fjárfesting í vélbúnaði óþörf

Vaktað af sérfræðingum allan sólarhringinn

Lægri rekstrarkostnaður

## Veldu öryggi og lækkaðu rekstrarkostnaðinn

Með hýsingu á hug- og vélbúnaði greiðir viðskiptavinur eingöngu mánaðarlegt gjald og þarf ekki að fjárfesta sjálfur í dýrum búnaði.

Umsjón, rekstur og viðhald er í höndum sérfræðinga.

Með hýsingarlausnum er því hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir í rekstrarkostnað.

TAS býður upp á hýsingu í sérhönnuðu kerfisrými þar sem lögð er sérstök áhersla á öryggi, rétt hitastig og órofið rafmagn.

- Öryggisafritun á hverjum degi.
- Tvöföld tenging við Internetið.
- Viðbragðstími vegna bilana í algjöru lágmarki.
- Vaktað af sérfræðingum allan sólarhringinn.

Þjónustuver opið allan sólarhringinn:  
412-1400 | [hjalp@tas.is](mailto:hjalp@tas.is) | [www.tas.is](http://www.tas.is)



# Einfaldur meirihluti dugir

Umsókn Íslands um efnahagsaðstoð hefur ekki komist í hendur stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Gerðar voru breytingar á umsókninni eftir að tilkynnt var um að formlega yrði óskað eftir aðstoð. Ingimar Karl Helgason fór yfir málið og komst meðal annars að því að forsætisráðherra segir eitt en meinar annað, þegar kemur að efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

## RÖDD ATVINNULÍFSINS

Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK  
FIMMTUDAGINN 13. NÓVEMBER  
KL. 8:30-10:00  
GULLTEIG

Samtök atvinnulífsins efna til opins fundar vegna þeirrar alvarlegu stöðu og miklu áskorana sem íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir.

Hvað er til ráða? Hvernig geta fyrirtækin lifað hremmingarnar af? Hver er vilji Íslensks atvinnulífs? Hvernig byggjum við upp íslenskt atvinnulíf til framtíðar?

SA hvetja félagsmenn eindregið til að mæta og koma sjónarmiðum sínum á framfæri

Erindi flytja:

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1

Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins

Umræður og fyrirspurnir úr sal

Fundarstjóri er Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi

Skráning og morgunkaffi kl. 8:00-8:30

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef Samtaka atvinnulífsins [www.sa.is](http://www.sa.is)



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Tuttugu og fjórir fulltrúar sitja í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þeir eru ýmist fulltrúar einstakra ríkja eða hópa ríkja. Atkvæði hvers um sig hefur mismikið vægi. Bandaríkjamenn ráða langmestu um afdrif umsókna, en í tilvikum Íslands ræður einfaldur meirihluti hvort umsókn verður samþykkt eða felld.

Umsóknin hefur hins vegar hvorki komist í hendur stjórnarmanna sjóðsins, né hefur umsókn Íslands enn komist þar á dagskrá.

### VÆGI ATKVÆÐA

Atkvæði Bandaríkjanna ræður mestu í 24 manna stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Atkvæði þeirra gildir til 16,77 prósentu í stjórninni. Nokkur önnur ríki ráða ein yfir atkvæði sínu: Japanar, Bretar, Frakkar, Þjóðverjar, Kínverjar, Rússar. Í öðrum tilvikum, líkt og hjá Norðurlöndum, eru hópar ríkja saman um fulltrúa í stjórninni. Mismunandi er hversu mikið vægi atkvæðin hafa, en nefna má að Ísland, ásamt öðrum ríkjum á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum, ráða 3,44 prósentum.

### EINFALDUR MEIRIHLUTI DUGIR

Thomas Moser, fulltrúi Sviss og fleiri ríkja í stjórn sjóðsins, segir að einfaldur meirihluti dugi til þess að samþykkja eða fella beiðni Íslands um aðstoð.

Því má velja fyrir sér hvaða ríki kynnu að vilja leggja stein í götu Íslands í þessum efnunum og hvort það dygði til.

Íslensku bankarnir störfuðu víða í Evrópu og raunar víða um heim. Landsbankinn tók við innlánunum í útibúum í Bretlandi og

VÆGI ATKVÆÐA		
Fulltrúi	ríki	vægi atkvæða
Meg Lundsager	Bandaríkin	16,77
Daisuke Kotegawa	Japan	6,02
Klaus D. Stein	Þýskaland	5,88
Ambroise Fayolle	Frakkland	4,86
Alex Gibbs	Bretland	4,86
Willy Kiekens	(Belgía) 10 lönd	5,14
Age F.P. Bakker	(Holland) 12 lönd	4,76
Jose A. Rojas	(Venesúela) 8 lönd	4,45
Arrigo Sadun	(Ítalía) 7 lönd	4,10
Richard Murray	(Ástralía) 14 lönd	3,85
GE Huayong	Kína	3,66
Jonathan Fried	(Kanada) 12 lönd	3,64
Jens Henriksson	(Svíþjóð) 8 lönd	3,44
A. Shakour Shaalan	(Egyptaland) 13 lönd	3,20
Abdallah S. Alazzaz	Sádi-Arabía	3,16
Perry Warjiyo	(Indónesía) 12 lönd	3,11
Peter Gakunu	(Kenía) 20 lönd	3,01
Thomas Moser	(Sviss) 8 lönd	2,79
Aleksei V. Mozhin	Rússland	2,69
Mohammad Jafar Mojarrad	(Írán) 7 lönd	2,42
Paulo Nogueira Batista	(Brasília) 9 lönd	2,42
Adarsh Kishore	(Indland) 4 lönd	2,35
Javier Silva-Ruete	(Perú) 6 lönd	1,96
Laurean W. Rutayisire	(Rúanda) 24 lönd	1,29

Hollandi. Kaupþing tók við innlánunum í bæði dótturfélögum og útibúum í Benelux-löndum. Enn fremur var tekið við innlánunum í Þýskalandi, Austurríki og víðar, þar á meðal Sviss.

Bankarnir höfðu starfsemi víðar, meðal annars í Kanada.

Sé gert ráð fyrir að þau ríki sem telji sig eiga harma að hefna vegna íslenskra banka bindist samtökum um að leggja stein í götu umsóknar Íslendinga til sjóðsins, þá má ætla að í eigin hópi næðu þau samanlagt um fimmtung atkvæðamagns. Þess má geta að Thomas Moser segir að Svisslendingar líti umsókn Íslendinga jákvæðum augum. Í hópi Svisslendinga eru líka Þóðverjar sem hafa heitið Íslendingum láni. Láni sem forsætisráðherra hefur kallað drengskaparbragð.

Þó er fullkomlega óvíst hvort ríki beita áhrifum sínum gagnvart öðrum til að hefja um sökn Íslands komist að hjá stjórn sjóðsins eða krefjast þess að samið verði

við Breta og Hollendinga. Við því fást ekki svör að utan.

### ÞRYSTINGUR BRETA OG HOLLENDINGA

Hinir alræmdu Icesave-reikningar Landsbankans í Bretlandi hafa dregið mikinn dilk á eftir sér. Óleyst er milliríkjadeila við Breta og Hollendingar sitja á hliðarlínunni. Þá hefur komið fram í fjölmiðlum að þýskir bankar hafi tapað háum fjárhæðum á falli bankanna. Þá tók Kaupþing við innlánunum á Edge-reikninga í útibúum þar í landi.

Bretar segjast í fjölmiðlum styðja umsókn Íslendinga um efnahagsaðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Stuðningurinn virðist hins vegar aðeins vera í orði, þar sem þeir vísa til þess að reglur sjóðsins kveði á um að umsækjendur þurfi að hafa samið við lánardrottna sína.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utarríkisráðherra sagði eftir ríkisstjórnarfund í gær að Bretar og

## Fleiri leiðir kunna að vera til

### TILLÖGUR LILJU

- Vaxtalækkun til að gera heimilum og fyrirtækjum kleift að ráða við skuldsetninguna
- 60% skattur á útstreymi fjármagns yfir 10 milljónir til að styrkja gengi krónunnar
- Viðvarandi halli á ríkissjóði til að takast á við atvinnuleysið og auknið félagslegt misrætti
- Lánalenging fyrir heimilum til að koma í veg fyrir gjaldþrot og landflóta
- Hagstjórn sem miðar að því að tryggja efnahagslega velferðar í gegnum atvinnuskapandi aðgerðir
- Dreifðara eignarhald fyrirtækja til að tryggja langtíma stöðugleika og atvinnu
- Aukið eftirlit með bönkum og fyrirtækjum til að fyrirbyggja fáræði og aðra efnahagskrísu

hefði takmörkuð áhrif á utanríkisviðskipti Íslendinga, því skortur á trúverðugleika gjaldmiðilsins hafi þegar haft slæm áhrif á þau mál. Allir sem vilji sjá, sjái að krónan falli um leið og hún fer á flot. „Um það eru fjölmörg dæmi, meðal annars frá Asíu, að vaxtahækkun dregur ekki úr útstreymi fjármagns í fjármálakreppu.“ Fjárfestar hugsu ekki rökrétt þegar ríki fari í gegnum fjármálakreppu. „Þeirra hugsun er að koma sér út, næstum hvað sem það kostar.“

„Í tillögum mínum er ekki gert ráð fyrir aðstoð sjóðsins. Fyrstu tveir liðirnir eru beinlínis í andstöðu við þær ráðstafanir sem þegar hafa verið kynntar á grundvelli áætlunar sjóðsins,“ segir Lilja Mósésdóttir hagfræðingur.

Hún hefur lagt til áætlun í sjö liðum, meðal annars til að vekja athygli á því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leiði Íslendinga til að fara aðrar leiðir til að kljást við alþjóðlegu fjármálakreppuna en mörg önnur ríki geri, til að mynda Bandaríkjamenn og margar Evrópuþjóðir.

„Þau lækka vexti og auka ríkisútgjöld með því að lána fyrirtækjum og heimilum sem standa illa.“

Lilja segir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi alltaf gripið til þeirra skilyrða að neyða ríki til að hækka vexti til að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og að ríkissjóðir séu reknir hallalausir. Það sé þó ekki hægt vegna aukins atvinnuleysis, nema hækka skatta.

„Margir hagfræðingar sem hafa rannsakað fjármálakreppu,

ur, telja að þessar aðgerðir, hækkun vaxta og skattahækkunar, verði til þess að dýpka kreppuna. Vaxtahækkunin þýðir að fleiri fyrirtæki geta ekki fjármagnað sig, því þau ráða ekki við vextina.“

Lilja telur að aðferðafræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé frekar á forsendum fjármagnseigenda en heimila og fyrirtækja. „Vaxtahækkunin er til að mynda hugsuð til þess að reyna að halda fjármagni hér, án þess að skattleggja það.“


Lilja leggur meðal annars til að 60 prósentu skattur verði lagður á alla fjármagnsflutninga yfir tíu milljónum króna. Spurð um hvort það stæðist lög og alþjóðlegar skuldbindingar segist Lilja ekki vera löglærð. Hins vegar hafi verið gripið til slíkra aðgerða áður. „Það gerði Malasía árið 1997 til 98. Og það land kom einna best út úr fjármálakreppunni gangvart nágrannalöndum sínum og þurfti ekki að skuldsetja sig nærri jafn mikið, því ríkið þurfti síður á láni að halda til að styrkja gjaldeyrissvaraförðann.“

Lilja telur enn fremur að þetta



LILJA MÓSESDÓTTIR





**NÁMSKEIÐ** um almenn skattskil og virðisaukaskatt verður haldið laugardaginn 29. nóvember frá klukkan 10 til 17 í Þingsölum Hótel Loftleiða. Námskeiðsgjald er 12.800 krónur og innifalin eru námskeiðsgögn og veitingar. Skráning fer fram á [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Hugi Garðarsson [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447

## HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík  
Sími: 517 5000

## IMAGINE PEACE kvöldsinglingar

Sunnudaga til fimmtudaga  
kl 20:00 frá Skarfabakka

Tveggja tíma ferð með leiðsögn  
Friðarsúlan skoðuð frá sjó og landi

Fullorðnir 2.000 kr  
Börn 7-15 ára 1.000 kr  
Börn 0-6 ára Frítt  
Fjölskylduafsláttur

Viðeyjarstofa opin með kaffiveitingar



Bókunarsími: 555-3565 [www.elding.is](http://www.elding.is)



Auður sigldi yfir Gibraltarsundið með marokkósku skipafélagi í aftakaveðri og var veik marga daga á eftir.

## Í móki í Marokkó

Rithöfundurinn Auður Jónsdóttir hefur ferðast víða. Fyrir nokkrum árum var hún á lestarferðalagi um Spán ásamt eiginmanni sínum og ákváð að fara yfir til Marokkó. Þeirri ferð gleymir hún seint.

„Þegar ég og maðurinn minn komum til hafnarborgarinnar Algeciras á lestarferðalagi okkar um Spán rétt fyrir jól ákváðum við að drífa okkur yfir Gibraltarsund til Marokkó, en maðurinn minn vann fyrir sér sem götulista-maður þar á yngri árum og flæktist um í fjöllum. Ég var því mjög forvitin um land og þjóð,“ segir Auður Jónsdóttir rithöfundur.

„Í stað þess að fara með Euro-line eins og flestir vildi maðurinn minn fara með „local“ ferðaskrifstofu. Við fundum feitan karl í kjallara sem seldi okkur ferð yfir sundið með marokkósku skipafélagi.

Auður og maður hennar biðu í marga tíma eftir því að fá að komast um borð og sífellt versnaði veðrið.

„Á endanum gengum við, marokkósk fjölskylda og dularfullur rannsóknarlögreglumaður um borð. Ég hafði rétt áður skotist inn á krá og sporðrennt spænskri upphitaðri pajelu þrátt fyrir að hafa eindregið verið ráðið frá því. Til að gera langa sögu stutta þá lentum við í hræðilegu verðri og fengum öll skelfilega í magann. Ég vissi þó ekki hvort ég var sjóveik eða með matareitrun. Sem betur fer beið okkar gisting í hafnarborginni Tangier í Marokkó þar sem við gengum á land. Þar ældi ég í tuttugu tíma þangað til kallað var á lækni sem sprautaði mig niður.“

Auður lá inni á hótellherberginu í þrjá daga en þann fjórða gat hún farið út og fengið sér te. „Ég var þó mjög máttvana og lykt-næm og ágeng musk-lykt allt í

kring gerði bara illt verra. Á fjórða degi snerum við því aftur til Spánar. Við sigldum til baka á sólríkum vetrardegi og fylgumst með þyrnum og eftirlitsskipum í leit að ólöglegum flóttamönnum á meðan við ferðamennirnir fengum að vera óáreittir. Það situr í mér.“

Þessa reynslu notar Auður í ákveðna framvindu í nýjustu bók sinni Vetrarsól. „Svona veikindi á framandi stað hafa mikil áhrif á mann og fannst mér ég hafa fæðst upp á nýtt þegar ég rankaði við mér þarna á hótellherberginu.“

Auður er ákveðin í því að gera í framtíðinni aðra tilraun til að sækja Marokkó heim. „Maðurinn minn var ofsalega ánægður með fyrri ferð sína þangað og langar mig að sjá landið með fullri meðvitund.“

[vera@rettblaði.is](mailto:vera@rettblaði.is)



## Meirapróf

Næsta námskeið hefst  
í kvöld kl. 18.30

Upplýsingar og innritun  
í síma 567 0300





**teg. Coral** - glæsilegur "push up" bh fyrir brjóstgóðar í C,D,E,F,G skálum á **kr. 5.990,-**

**Misty**  
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070  
Opíð: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14  
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf**

**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki

## Áhugi og þrjóska eru vænlegust til árangurs

Austur-Asíufræði er nýleg námslína við Háskóla Íslands, nánar tiltekið rúmlega ársögmul. Umsjónarmaður hennar er dr. Geir Sigurðsson, sem segir best að búa yfir áhuga og þrjóska til að stunda fræðin.

„Tungumálin eru veigamikill þáttur í náminu. Nemendur hafa um japönsku eða kínversku að velja og eiga svo kost á að taka menningar- og samfélagstengd námskeið innan tungumálanna hvors um sig. Hingað til hafa reyndar allir valið kínversku enda er japanska kennd sem grein í Háskólanum í annarri deild,“ segir Geir um námsfyrirkomulag í Austur-Asíufræðum. „Við byrjuðum bara haustið 2007 og höfum verið með tólf til fimmtán nemendur bæði skólaárin.“

Best segir Geir að hafa bæði áhuga og þrjóska og einhverskonar forvitni til að stunda þessi fræði. „Maður þarf líka að vera vinnusamur. Það er byrjað á grunni en farið hratt yfir og mikið lagt á nemendur. Áhersla lögð á talmálið til að byrja með og á annarri önn er vikið að ritmálinu. Þá læra þeir tákni.“

Fullt nám er 60 einingar. Þar af eru 40 í tungumálunum en þá eru 20 eftir. „Við erum með tvö sögunámskeið og svo eitt sem tengist Kína nútímans, efnahagsmálum, samfélagsuppbyggingu og stjórnmálum. Líka heimspeki, túarbrögðum, kvikmyndum og bókmenntum. Fjórdi námskeiðið verður eftir áramót og tekur á Austur-Asíu sem menningarsvæði, þróun þess og



„Það er byrjað á grunni en farið hratt yfir,“ segir dr. Geir um kínverskunámið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vestrænum túlkunum. Öll samfélagstengdu námskeiðin eru opin nemendum í öðrum greinum.“

Allir nemendur Austur-Asíufræðanna fara til Kína á öðru ári að sögn Geirs. „Við erum með átta nemendur núna í Ningbo, sem er lítil borg á kínverska vísu, rétt fyrir sunnan Sjanghæ. Það hefur gengið verulega vel hjá þeim.“

Geir er heimspekingur og sérhæfði sig í kínverskri heimspeki í Bandaríkjunum. „Meðan ég var í doktorsnámi eyddi ég tveimur árum í Kína og lærði kínversku.“

Hann er starfsmaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós, einni af um það bil 220 áþekktum stofnunum í heiminum sem stuðla að fræðslu um kínverska tungu og menningu. Svipar til Alliance France og Göthestofnunar en er alltaf staðsett innan háskóla og starfar náið með tilteknum kínverskum háskólum. „Í framtíðinni vonumst við til að geta haft einhverja fræðslu um Kóreu,“ segir hann. „Við erum bara ekki komin svo langt.“

gun@frettabladid.is

**ALLT TÍSKA**  
Alla fimmtudaga



## Ný t

### Tæknimenntaskólinn

- Almenn námsbraut
- Náttúrufræðistudent - Flugtækni
- Náttúrufræðistudent - Skipstækni
- Náttúrufræðistudent - Raftækni
- Náttúrufræðistudent - Veltækni
- Stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum
- Tæknistúdentspróf (frumgreinanám)

### Byggingatækniskólinn

- Veggfóðrunar- og dúklagningabraut
- Tækniteiknun
- Múrsmíðabraut
- Málarabraut
- Húsgagnasmíðabraut
- Húsgagnabólstrun
- Húsasmíðabraut
- Grunn nám bygginga- og mannvirkjagreina



# Gersemar úr perlum

**Persónulegir, handgerðir hlutir eru dýrgripir hvernar fjölskyldu og fegurstu gjafir sem hljóta má.**

„Perlusaumur er aldagömul iðja sem ástunduð hefur verið í flestum heimshornum, en þekktastur er grænlenstur perlusaumur á kraga og skinnstígvél, sem og skreytingar og skart á klæðnaði indjána,“ segir Guðfinna Hjálmsarsdóttir, eigandi Lita og föndurs, þar sem fer fram námskeið í Stenboden-perlusaumi næstkomandi mánudagskvöld, 17. nóvember.

„Stenboden-perlur eru í hæsta gæðaflokki; jafnar, vandaðar og áferðarfallegar, ásamt því að vera með öllu litækta, ljósekta og þvottekta. Saumaskapurinn er ákveðin kúnt og nákvæmnissvinna, þar sem saumað er þétt í perlurnar með sérstaklega styrktum tvinna og allan saumaskap þarf að telja út,“ segir Guðfinna, sem tók við umboði á Stenboden-perlum af Völusteini fyrir þremur árum.

„Stenboden er danskt merki sem hannar kynstrin öll af munstrum fyrir flest tækifæri lífsins, hvort sem það eru jóla, páska, brúðkaup, fermingar, fatnaður, skart, skóft á ostaskera eða hvað annað sem hægt er að hugsa sér. Á hverju ári bætast tólf munstur við úrvalið frá árinu 1983, en gömlu munstrin eru enn fánleg,“ segir Guðfinna þar sem hún handleikur forláta jólabjöllur úr perlusaumi.



Guðfinna Hjálmsarsdóttir er listmálari og eigandi Lita og föndurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þeim sem ástunda perlusaumi ber saman um að það sé dásamleg dægradvöl, róandi, ljúf og nærandi fyrir sálina. Eftir standa ákaflega fallegir hlutir sem margir eru hreinustu gersemar og eftirsóttir erfðagripir. Í perlusaumi er því mikil vinna lögð í hvern saum,“ segir Guðfinna sem einnig heldur vikuleg námskeið í olíu- og akrílmálun, og úrval spennandi jólanámskeiða eru fram undan, svo sem jólakortagerð, kertaskreytingar og fleira.

Nánari upplýsingar og skráningar á [www.litirogfondur.is](http://www.litirogfondur.is) og í síma 552 2500.

[thordis@frettabladid.is](mailto:thordis@frettabladid.is)

Jólabjöllur gerðar með Stenboden-perlusaumi.

## ÆSKULÝÐS VETTANGURINN



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTTIÐ



Bandalag Íslenskra skáta

MÁLÞING 2008

## Æskan á Óvissutímum

13. nóvember á Grand Hótel kl. 13.00-16:30

- **Setning:**  
Þorsteinn Fr. Sigurðsson formaður Æskulyðsvettvangsins
- **Ávarp menntamálaráðherra:**  
Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur
- **Söngur:**  
Flytjandi KK
- **Ísland í efnahagslegu fávíðri:**  
Magnús Fjalar Guðmundsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands
- **Raunveruleiki heimilanna:**  
Lára Björnsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs í Félags- og tryggingamálaráðuneytinu.
- **Kaffi**
- **Barnið í kreppunni:**  
Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur
- **Mikilvægi æskulyðsstarfs á óvissutímum:**  
Þórólfur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar
- **Hvernig spegla ég ástandið?:**  
Jóhann Þorsteinsson, svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á Norðurlandi
- **Fundarstjóri:**  
Ragnheiður Ríkhardsdóttir, alþingismaður og formaður Æskulyðsráðs
- **Málþingið er öllum opið og er aðgangur ókeypis**

**ALLT MATUR**  
Alla föstudaga

Auglýsingasími

**512**  
**5050**

# ækifæri

## Raftækniskólinn

- Grunnám rafiðna
- Grunnám rafiðna - hraðferð
- Kvikmyndasýningastjórnun
- Rafeindavirkjun
- Rafveituvirkjun
- Rafvélavirkjun
- Rafvirkjun
- Hljóðtækni

## Fjölmenningarskólinn

- Sérdeildir
- Nýbúabraut

## Hársnyrtiskólinn

- Hársnyrtið

## Upplýsingatækniskólinn

### Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

- Grunnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina
- Bókband
- Grafísk miðlun (prentsmið)
- Kvikmyndagerð
- Ljósmyndun
- Prentun

### Tölvubraut

- Forritun, nettækni, tölvutækni

### Margmiðlunarskólinn

### Skipstjórnarskólinn

- Skipstjórn A (< 24 metrar)
- Skipstjórn B (< 45 metrar)
- Skipstjórn C (Öll fiskiskip + 3000 BT)
- Skipstjórn D (Öll skip, alþjóðaréttindi)

## Véltækniskólinn


- Vélstjórn A (VA og ≤ 750 kW)
- Vélstjórn B (≤ 1500 kW)
- Vélstjórn C (≤ 3000 kW)
- Vélstjórn D (Vélfræðingur)

## Hönnunar- og handverksskólinn

- Grunnám fataiðnbraut
- Fatatæknir
- Almenn hönnun
- Almenn hönnun - hraðbraut
- Fataiðnbraut - kjólasaumur
- Fataiðnbraut - klæðskurður
- Gull- og silfursmíði
- Handverkshönnun

## Endurmenntunarskólinn

- Meistaraskólinn, dagskóli
- Meistaraskóli, kvöldskóli
- Framleiðslustjórnun
- Lýsingarfræði
- Mótun
- Rafeindavélfræði
- Framleiðsla og stjórnun
- Diplóma nám í rekstri og stjórnun
- Hljóðtækni



Innritun í dagskóla fyrir vorönn 2009 lýkur 21. nóvember.

Innritun í kvöldskóla og fjárnám hefst mánudaginn 10. nóvember og lýkur 30. desember.

Allar nánari upplýsingar á [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is) og í síma 514 9000.

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins

# Á FERÐINNI

**ÓKEYPIS KORT** af ýmsu tagi má finna á [products.is.map24.com](http://products.is.map24.com). Tengja má kortin við eigin hugbúnað eins og til dæmis síma, GPS-tæki og heimasíðu.



**Vetrarstígvél**  
Nýkomið úrval af flottum leðurstígvélum fóðruðum með flís. Margar gerðir. Litir: svart, brúnt og rautt. Stærðir: 36 - 42. Verð frá 16.785.- til 22.895.-

**Misty skór**  
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070  
Opíð: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

**ALLT HEILSA**

Alla fimmtudaga



Rattleikirnir um Reykjavíkurborg hafa verið geysivinsælir og oft verið glatt á hjalla.

MYND/ESKIMOS



Björn, verkefnisstjóri hjá Ferðasmiðjunni Eskimos, segir rattleikinn sniðugan kost fyrir vana- og vinnustaðahópa utan af landi sem vilja gera sér dagamun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Rattleikur um Reykjavík

Vana- og vinnustaðahópar sem vilja gera sér dagamun geta farið í skemmtilega rattleiki um Reykjavíkurborg. Ferðasmiðjan Eskimos býður upp á rattleiki fyrir fótgangandi hópa um miðbæinn.

„Við buðum upp á þennan leik fyrst í sumar og hann hefur verið geysivinsæll,“ segir Björn Guðmundsson, verkefnisstjóri hjá Ferðasmiðjunni Eskimos, sem býður smærri og stærri hópum upp á rattleik um Reykjavík.

„Við byggjum leikinn á grunnri eldri leiks. Þarna er keppt fótgangandi um miðbæ Reykjavíkur en við getum stýtt leikinn og lengt eftir hentisemi. Önnur útgáfan snýr að minna þekktari Reykjavík, bakhúsum og stöðum sem eru ekki áberandi og svo erum við með útgáfu sem gengur út á þekktari staði.“

Leikurinn fer þannig fram að hópnum er skipt upp í lið. Hvert lið fær tösku sem í er að finna gps-tæki, myndavél og hefti með gps-punktum. Spurningar fylgja hverjum punkti sem þarf að svara til að finna út næsta áfanga-

stað. Þær eru tengdar hverjum stað eða Reykjavík almennt. Hlutverkum er úthlutað, einn er myndasmiður, annar leiðsögumaður, sá þriðji heldur utan um gátunarnar og svo framvegis.

„Inntakið í leiknum er að það eru engar reglur. Það þarf bara að klára leikinn eða eins mikið af honum og þú getur. Það má hringja í vini til að fá svör við gátunum eða fara á netið og leita svara. Það má meira að segja reyna að móta leiðsögumönnum en við höfum ekki enn þá tekið við peningum,“ segir Björn hlæjandi.

„Þegar árferðið var gott þá tóku margir leigubíl milli punkta en svo settum við þá reglu að leikurinn færi fram fótgangandi. Lokapunkturinn er svo yfirleitt einhver veitingastaður þar sem hópurnir sest niður og borðar.

Liðin leysa einnig ljósmyndabrotir og eru hvött til að taka mikið af skemmtilegum myndum. Í lokin eru veitt stig fyrir myndir og hópurnir fær þær líka brendar á disk til eignar.“

Björn segir Eskimos geta sniðið leikinn að þörfum hvers hóps og þetta sé skemmtilegur kostur fyrir vinnuhópa utan af landi sem ætli að gera sér dagamun í borginni. Leikurinn er ekki árstíðabundinn og engan sérútbúnað þarf til að taka þátt. Einungis þarf að klæða sig eftir veðri en leikurinn getur tekið upp í þrjá tíma.

„Við brýnum bara fyrir fólki að vera vel skoðað, þetta er smá rílt en þó ekkert sem allir ráða ekki við.“

Nánar á heimasíðu Eskimos, [www.eskimos.is](http://www.eskimos.is).

heida@frettabladid.is

Stökktu til  
**Kanarí**  
26. nóv.  
Frá kr. **79.990**



### Frábær ferð - 24 nætur

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 26. nóvember í 24 nætur á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað í rúmar 3 vikur á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. **79.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / studíó / íbúð í 24 nætur. Stökktu tilboð 26. nóvember.

**Heimsferðir**  
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## LYFTARAR og vöruhúsataeki

<p><b>Brettajakkar</b> - 70 Ah. 24 V. Rafflaða 1300 kg. Lyftigeta Verð <b>350.000.- án vsk.</b> (435.750.- m. vsk.)</p>	<p><b>Staflarar</b> 1200 kg. Lyftigeta - Lyftihæð 3,6 mtr. - Byggingarhæð 2,34 mtr. - Pallur fyrir stjórnanda - Breidd 80 cm. - 210 Ah. 24 V. Rafflaða Verð <b>780.000.- án vsk.</b> (971.100.- m. vsk.)</p>
<p style="text-align: center; font-weight: bold; color: red;">Ótrúlegt VERÐ</p> <p><b>Diesel lyftarar</b> - Hús með miðstöð - Lyftihæð 4,8 mtr. - Nissan 3200 cc. mótur - Cascade hliðarfærsla - Auka vökvaúttak - Strikafrí dekk - Byggingarhæð 2,20 mtr.</p>	<p><b>1600 kg. Lyftigeta</b> - Lyftihæð 4,0 mtr. - Byggingarhæð 2,5 mtr. - Pallur fyrir stjórnanda - Breidd 85 cm. - 280 Ah. 24 V. Rafflaða Verð <b>850.000.- án vsk.</b> (1.058.250.- m. vsk.)</p>
<p><b>Lyftigeta 2,5 tonn</b> Verð <b>2.900.000.- án vsk.</b> (3.610.500.- m. vsk.)</p>	<p><b>Lyftigeta 3,5 tonn</b> Verð <b>3.190.000.- án vsk.</b> (3.971.550.- m. vsk.)</p>

**VELAVER**  
Krókhálsi 16 - Reykjavík - Sími 588 2600  
[www.velaver.is](http://www.velaver.is)











Hollendingar legðu ofurkapp á að gengið verði frá málum vegna Icesave-reikninganna, áður en önnur mál verði afgreidd.

Stjórnvöld grunar að togað sé í spotta á bak við tjöldin. Geir Haarde forsætisráðherra sagði við Fréttablaðið að hann vonaði að dráttur á umsókn Íslands væri ekki til kominn af „annarlegum ástæðum“.

Angela Gaviria-Baptiste, upplýsingafultrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í málefnum Íslands, vill ekki svara fyrirspurn Markaðarins um þetta atriði. Hún var spurð hvort óleyst deila Íslendinga og Bretanna kynni að tefja eða kæmi í veg fyrir að umsókn Íslands yrði tekin fyrir í stjórn sjóðsins.

#### HVENÆR KEMUR AÐSTOÐIN?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir Haarde héldu blaðamannafund í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu, síðdegis föstudaginn 24. október. Þar var tilkynnt að formlega yrði óskað aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hún fæli í sér riflega tveggja milljarða Bandaríkjadala lán frá sjóðnum. Sama dag kynnti sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sama mál í húsakynnum ríkissáttasemjara í Borgartúni. Þá kom fram að unnin hefði verið efnahagsáætlun í samstarfi stjórnvalda og sendinefndarinnar.

Þá sagði Geir Haarde að búist væri við formlegu svári stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir tíu daga þaðan í frá. Þá færi héðan samningur Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, svonefnt „letter of intent“, beiðni um aðstoð eða samningur.

#### SAMMÁLA EDA FALLIST Á?

Íslenskir ráðamenn hafa rætt um samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Efnahagsáætlun hafi verið unnin í samstarfi við hann og þar komið fram ýmis atriði sem Íslendingar myndu „hvort eð er“ þurfa að ráðast í. Enn fremur hefur komið fram að bæði seðlabankastjóri og fjármálaráðherra hafi skrifað undir samkomulagið eða það sem á ensku nefnist „letter of intent“.

Ummæli Geirs Haarde í fréttum Ríkisútlagsins benda hins vegar til þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi unnið efnahagsáætlunina, sem Íslendingar gangist svo undir. Í hádegisfréttum útlagsins á sunnudag sagði Geir: „En við þurfum hins vegar á árunum 2010 til 2012/2013 að snúa taflinu við þannig að innbyggður halli sem nú er að myndast á fjárlögum um snúist yfir í afgang. Það er það sem við erum að fallast á í þessari efnahagsáætlun sjóðsins og það er sjálfsagt mál.“

Þetta var borið undir Geir í fyrrkvöld og lesið upp úr upp-

skrift fjölmiðlavaktarinnar, sem er að þessu leyti að minnsta kosti, rétt upp skrifuð. Geir sagði. „Þetta er nú ekki nákvæmt orðalag. Orðin fallast á eru ekki þarna. Þetta er það sem við höfum orðið sammála um, í þessu samkomulagi sem gert er og er forsenda fyrir lánveitingunni. Og þetta held ég að flestir myndu nú telja að við ættum að gera, hvort sem við værum í samstarfi við gjaldeyrissjóðinn eða ekki.“ Geir ítrekaði að þetta væri samningsatriði. Það væri ekki svo að við gengjumst undir skilyrði sjóðsins. Þá yrði áætlunin birt innan tíðar.

Í henni felst meðal annars vaxtahækkun, til að hindra útstreymi fjármagns, og að halli á ríkissjóði verði greiddur upp á árinum 2010 til 2013.

#### RÍKISSTJÓRNIN AUSTAN VIÐ JÁRNTJALD

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, segir þetta móðgun við lýðræðið. Skuldbinda eigi íslensku þjóðina og þinginu sé til málamynda tilkynnt um málið. „Hvert eru menn eiginlega komnir hérna? Menn eru eiginlega komnir langt austur fyrir járntjaldið.“

Hann segir ummæli forsætisráðherra í útvarpsfréttum sýna að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé tekinn við stjórnartaumum á Íslandi. „Þetta hefur okkur grunað og er ekki góð tilhugsun.“ Hann segir það kröfu í þjóðfélaginu að gengið verði til kosninga og landinu verði stýrt af fólki með umbod.

Lítið hefur komið fram um innatak þessarar efnahagsáætlunar. Þó er vitað að stýrivaxtahækkun Seðlabankans á dögum, í átján prósent hefur með hana að gera.

#### BREYTINGAR Á UMSÓKNINI

Tíu manna sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var hér á landi um nokkurt skeið. Poul Thomsen, yfirmaður Evrópuþingmanna sjóðsins, fór fyrir nefndinni. Hún hélt héðan af landi brott 24. október, þegar formleidd beiðni um aðstoð átti að fara héðan.

Síðan þá, samkvæmt heimildum Markaðarins, hefur sjóðurinn hins vegar óskað eftir frekari upplýsingum héðan. Ekki er vitað hvaða upplýsingar um ræðir. Það bréf sem seinast var sent, undirritað af Davíð Oddssyni og Árna M. Mathiesen, fór héðan 3. nóvember.

Í byrjun vikunnar bárust Markaðnum upplýsingar um að sjóðurinn hefði enn óskað upplýsinga frá stjórnvöldum. Forsætisráðherra kannaðist ekki við það í fyrrkvöld. Í gærmorgun var svo greint frá því í Wall Street Journal að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn biði upplýsinga héðan áður en stjórn hans gæti fjallað um lánveitinguna.

# HAUST-RÁÐSTEFNA

FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

FÖSTUDAGINN 14. NÓVEMBER, GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

## Hlutabréfamarkaðurinn – hrun & endurreisn

Skráning kl. 8:15

Setning - Margret G. Flóvenz, formaður FLE

Ávarp - Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra

Kauphöll á umbrotatímum

Pórður Friðjónsson, forstjóri NASDAQ OMX á Íslandi

Skyldur skráðra félaga til upplýsingagjafa

Kristín Rafnar, forstöðumaður skráningarsviðs NASDAQ OMX á Íslandi

Stóra bóla

Gylfi Zoëga, Prófessor við Háskóla Íslands

Upplýsingar í ársreikningum félaga á markaði

og gagnsemi þeirra fyrir greiningaraðila

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur

Staða og framtíðarhorfur á íslenskum hlutabréfamarkaði

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Nýja Kaupþings banka

Reikningsskil skráðra félaga á Íslandi

Stefán Svavarsson, aðalendurskoðandi hjá Seðlabanka Íslands

Hádegisverður - Setrið og Hvammur

Endurreisn hlutabréfamarkaðar – Aftur til fortíðar

Porvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital

Eftirlit með ársreikningum fyrirtækja á markaði

Geir Geirsson, endurskoðandi hjá Ársreikningaskrá RSK

Sjónarmið hins almenna fjárfesta

Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta

Ráðstefnuslit kl. 14:30

Ráðstefnustjóri : Eggert Teitsson, endurskoðandi og forstöðumaður reikningshalds Nýja Kaupþings banka.

Ráðstefnugjald með hádegisverði : 18.000 kr.

Ráðstefnan er opin félagsmönnum FLE, FIE og öðrum þeim sem áhuga hafa. Þátttökutilkynning berist Félagi löggiltra endurskoðenda fyrir 12. nóvember.



Félag löggiltra endurskoðenda  
Suðurlandsbraut 6 108 Reykjavík  
568 8118 fle@fle.is www.fle.is

# LAGERSALA

VETRARFATNAÐUR, ÚTIVISTARFATNAÐUR, GÖNGUSKÓR

AFSLÁTTUR 50-80%



FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONLEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF





# Jólahlaðborð Perlunnar

— 20. nóvember - 30. desember —

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst 20. nóvember.  
Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 7.250 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

**6.250 kr.**

## Villibráðarhlaðborð

*Lýkur 19. nóvember!*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.



## Skötu- og jólahlaðborð

*Þorláksmessa, í hádeginu*

Sérstök stemmning ríkir í Perlunni á Þorláksmessu, þá boðið er upp á skötu að fornum sið. Jólahlaðborð Perlunnar verður einnig í boði, svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

## Nýárskvöldverður

*1. janúar 2009*

4ra rétta hátíðarseðill valinn af matreiðslumeisturum Perlunnar. Gala klæðnaður, lifandi kvöldverðartónlist og dansað fram eftir kvöldi.



## BANKA HÓLFID

### Íslenskir fátæklingar

Íslendingar hafa löngum haft gaman af því að rýna í bækur og lista þar sem hulunni er svipt af auðmönnum Íslands. Markaðurinn er hvergi saklaus af leiknum en í það minnsta einu sinni ef ekki oftast síðastliðið árið hefur blaðið leitað uppi og beitt ýmsum reikningskúntum til að benda á ríkasta einstaklinginn. Eins og allir vita hefur áttavittinn nú snúist í allt aðra átt. Í samræmi við þróunina er rökréttasta framhaldið að leita uppi skuldsettasta einstaklinginn. Það verður svo aftur spurning hvort bók um skuldugt fólk komist nokkurn tíma á metsölu-lista.

### Sértrú hjá Lehman

Í grein í nýjasta hefti Management Today er viðtal við fyrrverandi starfsmann fjárfestingarbankans Lehman Brothers um Dick Fuld, framkvæmdastjóra Lehman, stjórnunarstíl hans og ábyrgð á hrúni bankans. Fuld er sagður hafa verið afleitur stjórnandi og raunar verið eins og leiðtogi í sértrúarsöfnuði, umkringdur jámönnum.

Fuld á að hafa verið sannfærður um að hann gæti með viljastyrk setið af sér kreppuna, og hafi því slegið á öll tilboð um aðstoð og hjálp.

Því hefur verið haldið fram að ein ástæða þess að Lehman hafi ekki verið bjargað hafi verið hroki Fulds sem hafi í raun komið í veg fyrir að ríkið gæti rétt bankanum hjálparhönd. Greinin rennir stöðum undir þá kenningu. „Paulson missti þolinmæðina og lét okkur rúlla,“ segir starfsmaðurinn.

### Stjórnendapabbi

Stoðtækjafyrirtækið Össur var valið markaðsfyrirtæki ársins á verðlaunahátíð ÍMARK fyrir viku. Markaðsmaður ársins var svo Magnús Geir Þórðarson, hinn síkviki og hugmyndaríki leikhússtjóri Borgarleikhússins. Ekki er vitað til þess að margir hafi farið í bollaleggingar í kjölfarið. Faðir Magnúsar er nefnilega Þórður Magnússon, sem einmitt er varaformaður stjórnar Össurar. Til að flækja málið lítið eitt er Þórður sömuleiðis stjórnarformaður fjárfestingarfélagssins Eyris Invest, sem er stærsti hluthafi bæði Össurar og Marel Food Systems. Forstjóri Eyris er svo Árni Oddur, bróðir Magnúsar Geirs, og stjórnarformaður Marel Food Systems.


Æra má óstöðugan og segja að Árni Oddur hafi sömuleiðis hlotið verðlaun ÍMARK með óbeinum hætti í gegnum eignastöðu félagsins í Össuri.



**568** milljarðar dollara er stærð efnahagsörvunarpakkans sem kínversk stjórnvöld kynntu um helgina.

**18** prósent er stærð kínverska efnahagsörvunarpakkans sem hlutfall af landsframleiðslu Kína, sem var 3300 milljarðar dollara í fyrra.

**2400** milljarðar dollara væri stærð hlutfallslega jafn stórs björgunarpakka í Bandaríkjunum og kynntur hefur verið í Kína.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

## Rétti staðurinn

64N 21' 38.57" , -21N 47' 53.69"

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 10. DES.

## Meistaránám í stað- og fjarnámi

Nú er rétti tíminn til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaránám í stað- og fjarnámi. Námið hefst í janúar og rennur umsóknarfrestur út þann 10. desember. Bifröst er eina háskólaþorp landsins („campus“) og býður upp á notalegt og fjölskylduvænt umhverfi og virk tengsl nemenda við erlenda háskóla og við atvinnulíf, enda felst stór þáttur námsins í

raunverulegum og hagnýtum verkefnum. Metnaður skólans hefur ætíð verið að útskrifa afburðafólk sem tekur sér forystu í samfélaginu og hafa nemendur frá Bifröst verið eftirsóttir starfskraftar.

Kynntu þér starfsemi Háskólans á Bifröst nánar á bifrost.is, sendu fyrirspurn á netfangið bifrost@bifrost.is, sláðu á þráðinn í síma 433 3000 eða kaktu í heimsókn!

#### STAÐNÁM:

MS International Business Management of Global Marketing and Innovation

MA í Evrópufræðum

MA í menningarstjórnun

ML í lögfræði

#### FJARNÁM:

MA í skattarétti

MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



Mikið úrval hreinlætistækja

## Hannaðu heimilið með Tengri



# MIDNÆTUROPNUN

- OPIÐ FRÁ 12:00 – 01:00 Í KVÖLD, SALA HEFST 23.57!



**BIÓMIDI  
FYLGI**  
Meðan birgðir endast

Framhald af vinsælasta netleik allra tíma er loksins komið. 11 milljón áskrifendur og núna þú! Ný landsvæði, fleiri reynslustig, ný störf, ný ævintýri og margt margt fleira. Nældu þér í eintak í **kvöld í Gamestöðinni**.

Game Card,  
kominn aftur!

**Ódýrastur!**



**Ódýrastur!**

Frá höfundum Battlefield sérinnar kemur ný leikur. Þetta er fyrstu persónu parkour leikur en þú leikur hlutverk Faith. Í dimmum heimi stjórnar stóri bróðir öllu, öll tjáskipti eru undir vöku auga stjórnvalda. Það er aðeins ein leið til að koma upplýsingum á milli og sú leið ert þú!

**Official Xbox Magazine gefur 9,5 af 10  
Playstation Official Magazine UK gefur 9 af 10**



**GAME  
STÖÐIN**



**SPILAÐU MEIRA  
- BORGNAÐU MINNA!**



OPIÐ 12-22 ALLA DAGA · SKEIFAN 17 · 550 4400


- LÉTTAR VEITINGAR Í BODI



# HÓPEFLI

Nú er lag að hressa uppá líðsandann

**ESKIMOS** | [www.eskimos.is](http://www.eskimos.is), [eskimos@eskimos.is](mailto:eskimos@eskimos.is)  
Símar: 414-1500 / 8220033



## NOKKUR ORÐ Alma Guðmundsdóttir



# Allir „lýðskrumarar“ landsins sameinist!

Þegar ég heyrði og las um möguleika einhliða upptöku evrunnar með svokallaðri Svartfjallandsleið, leið mér skyndilega eins og björgunarbátur væri í auglýsingu. Kannski værum við ekki á sökkvandi skipi eftir allt saman – eða öllu heldur vonaði ég að kannski myndu „skipstjórnarnir“ loks ranka við sér og hjálpa okkur um borð í björgunarbátinn, í stað þess að bíða alltaf eftir þeim sem eiga að koma „eftir helgi“.

Með því að skipta út krónunni fyrir evruna á svo stuttum tíma væru ótal vandamál leyst.

Atvinnulífið færi aftur í gang, verðtryggingin hyrfi og ómæld vaxtagjöld myndu sparast þjóðinni. Bensín og olía myndu einnig snarlækka, við gætum farið aftur til útlanda án þess að

kaupa gjaldeyri dýrum dómum og gætum tekið lán með vöxtum sem aðrir Evrópubúar njóta, sem eru að minnsta kosti fimm sinnum lægri en þeir sem eru að sliga heimilin í dag, svo eitthvað sé nefnt. Með þetta til hliðsjónar, er þá ekki þess virði að skoða möguleikann af fullri alvöru áður en við skuldsetjum þjóðina tugi eða hundruðum ára fram í tímann?

Það er ógerlegt að bjarga sökkvandi skipi á meðan „skipstjórnarnir“ horfa framhá hugsanlegum björgunaraðgerðum. Ekki síst þegar einn þeirra kallar alla lýðskrumarara sem vildu fara í björgunarvesti til að byrja með. Samkvæmt könnunum eru nú 80 prósent þjóðarinnar „lýðskrumarar“ í augum þess harða húsbónda, fyrir það eitt að vilja alvöru gjaldmiðil í stað krónunnar. Við „lýðskrumarar“ megum ekki missa móðinn – heimtum björgunarvestin sem eru um borð og stingum okkur til sunds!

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



## Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti Er tímareimin komin á tíma? Fast verð hjá Vélalandi

Skoðuðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000

Heildarverð, varahlutur og vinna: **34.606 kr.**

**Toyota Land Cruiser 90 3,0D** Árgerð 1997-2002

Heildarverð, varahlutur og vinna: **34.427 kr.**

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001

Heildarverð, varahlutur og vinna: **34.212 kr.**

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006

Heildarverð, varahlutur og vinna: **36.213 kr.**

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005

Heildarverð, varahlutur og vinna: **39.958 kr.**

Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00  
[www.velaland.is](http://www.velaland.is)

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimna fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

REYKJAVÍK

Vélaland - VAGNHÖFÐA 21  
Sími 577-4500



# VELALAND



Caritas  
tónleikar  
2008



Sunnudagur  
16. nóv. kl.16  
í Kristskirkju  
við Landakot

## styrktartónleikar í þágu ADHD samtakanna

Kristján Jóhannsson, *tenór*

Hulda Björk Garðarsdóttir, *sópran*

Eyjólfur Eyjólfsson, *tenór*

Á efnisskrá eru m.a. verk eftir Atla Heimi Sveinsson, J.S. Bach, Dvorak, Händel, C. Franck, W.A. Mozart, Otto Ohlsson og Sigvalda Kaldalóns.

**Miðaverð 5.000 kr.**

Forsala aðgöngumiða eru í Pennum Eymundsson í Austurstræti og Kringlunni, skrifstofu ADHD samtakanna Háaleitisbraut 13 og skrifst. kaþólsku kirkjunnar Hávallagötu 14-16. Miðasala einnig við innganginn.



ADHD samtökin



**ANNA HILDUR HILDBRANDSDÓTTIR**  
Anna Hildur er ánægð með komandi samstarfi við Nova Scotia á tónlistarsviðinu.

## Samstarf við Nova Scotia

Fulltrúar frá Nova Scotia-fylki í Kanada sýndu mikinn áhuga á samstarfi við Ísland á tónlistar- ráðstefnunni Nova Scotia Music Week sem var haldin í Glasgow í Skotlandi á dögunum.

„Það er mikilvægt að eiga samstarfsaðila sem hugsa eftir svipuðum brautum, og við höfum fundið þá á Íslandi,“ sagði Johnny Stevens, einn af yfirmönnum MSN-tónlistarsamtaka Nova Scotia. Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útón, sem sótti hátíðina, var einnig ánægð með samstarfið: „Dvöl okkar í Nova Scotia hefur gefið okkur innblástur og við erum spennt fyrir þeim nýju tækifærum sem samstarfið á milli Útóns og Music Nova Scotia getur skapað fyrir tónlist frá báðum löndum.“

## Íslenskar á by:Larm

Hljómsveitirnar Hjaltalín og Retro Stefson spila á norsku tónlistarhátíðinni by:Larm sem verður haldin í Ósló í ellefta sinn í febrúar á næsta ári.

„Útsendarar okkar hafa leitað um öll Norðurlönd og fundið slatta af hljómsveitum sem að okkar mati hafa þessa aukatófra sem þarf til að slá í gegn,“ sagði á heimasíðu hátíðarinnar. Á hátíðinni á næsta ári verður áhersla lögð á sænskar tónlistarkonur og danska danstónlist. Þrettán hljómsveitir hafa verið bókaðar á hátíðina og enn á eftir að bæta fleirum við.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 12. nóvember 2008

#### → Tónleikar

**12.30 Háskólatónleikar** Bylgja Dís Gunnarsdóttir og Lára Rafnsdóttir flytja Heimskringlu Tryggva M. Baldvínssonar við ljóð Þórarins Eldjárns í Norræna húsinu.



**20.30 Ómar Guðjónsson Trío** verður með tónleika í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi 11.

**21.00 Thin Jim and the Castaways** verða á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg. Hljómsveitina skipa Jökull Jørgensen, Margrét Eir og Birgir Ólafsson, Scott Mclemora, Ragnar Emilsson og Arnar Jónsson.

#### → Sýningar

**Stafræn skissubók** Sissú sýnir verk í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.

Í START ART listamannahúsi hafa fimm listamenn opnað sýningar. Listamennirnir eru **Gunnar Árnason, Guðbjörn Gunnarsson, Sigríður Ágústsdóttir, Friðrika G. Geirsdóttir** og **Guðbjörg Ringsted**. START ART, Laugavegi 12b. Opnið þri.-lau. kl. 13-17.

#### → Heimildamyndir

**20.00 Dieter Roth puzzle** Heimildamynd um listamanninn Dieter Roth verður sýnd í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

# Klaufabárðarnir snúa aftur

„Sem nýbakaður faðir fór ég að leita að barnaefni sem ég gæti horft á með stráknum mínum án þess að missa vitið. Þegar ég sá að Klaufabárðana var hvergi að finna fór ég á stúfana,“ segir Einar Árnason. Hann hringdi einfaldlega til Tékklands og tryggði sér útgáfuréttinn á Klaufabárðunum á Íslandi. Þrír dvd-diskar koma nú út.

Klaufabárðarnir, eða Pat og Mat eins og þeir heita á frummálinu, voru sýndir í Ríkissjónvarpinu á nýnda áratugnum. Þeir hafa ekki sést í sjónvarpinu aftur þrátt fyrir miklar vinsældir. „Þetta er ofbeldislaust efni og þroskandi,“ segir Einar. „Það er þroskandi að sjá aðra gera mistök. Svo er þetta auðvitað hugguleg nostalgía. Þetta er



**HUGGULEG NOSTALGÍA** Klaufabárðurinn Pat er sá í gulu peysunni, Mat í rauðu.

skemmtiefni frá saklausari tímum í Íslandssögunni.“

Samtals eru 35 þættir á diskunum þremur. „Í kreppunni ætla ég að hefja söluna í Kolaportinu um

næstu helgi. Síðan verða diskarnir til úti um allt. Þess má geta að ég er að gefa út fyrstu þættina, þegar þeir voru teknir á filmu og allt var handgert. Mér skilst að gæðin hafi síðar versnað.“

Klaufabárðarnir eru hugarfóstrur Tékkanna Lubomír Beneš og Vladimír Jiránek. Fyrst sáust þessir seinheppnu félagar árið 1976 en framleiðsla var hætt árið 2003. Allir sem sáu þættina geta sönglað stefið í þeim. „Ég fæ þetta stef alltaf á heilann þegar ég reyni að smíða eitthvað sjálfur,“ segir Einar. „Pabbi og afi eru listasmíðir en ég á meira að segja erfitt að koma saman Ikea-húsgöngum. Ég viðurkenni það fúslega: Ég er algjör klaufabárður!“



**ÉG ER KLAUFABÁRÐUR** Einar Árnason ætlar að selja Klaufabárðana í Kolaportinu um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

- drg



Lkl. Fjörgyn

## Stórtónleikar í Grafarvogskirkju 13. nóvember 2008, kl. 20:00



### Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikum, til styrktar Barna- og unglíngageðdeild LSH og líknarsjóði Fjörgynjar



Altarsgluggi í Grafarvogskirkju, eftir Leif Eiríksdóttur

Eftirtaldir listamenn koma fram og styrkja verkefnið:

Karлакór Reykjavíkur, stjórnandi Friðrik S. Kristinsson

Voces Masculorum

- Egill Ólafsson
- Ellen Kristjánsdóttir og Eypór Gunnarsson
- Gissur Páll Gissurarson
- Hjörleifur Valsson og Vadim Fedorov
- Hörður Torfason
- Jóhann Friðgeir Valdimarsson
- Kristján Kristjánsson (KK)
- Lay Low
- Óskar Pétursson og Örn Árnason
- Páll Óskar og Monika
- Páll Rósinkranz
- Raggi Bjarna
- Sigrún Hjálmtýsdóttir
- Stefán Hilmarsson



Kynnir: Felix Bergsson.

Píanóleikari: Jónas Þórir



Lkl. Fold selur veitingar í hléi



Ágóði tónleikanna rennur til Barna- og unglíngageðdeildar LSH og líknarsjóðs Fjörgynjar.

Verð aðgöngumiða kr. 2.500. Miðasala dagana 5. – 12. nóvember.




Miðasölustaðir:



Ártúnshöfða - Bildshöfða - Gagnvegi.



Álfheimun - Gullinbrú - Norðlingaholti (við Rauðavatn).



Tónleikadaginn, 13. nóvember, verða miðar seldir í Grafarvogskirkju milli kl. 16 og 20.



**Nýtt í bíó** LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVEMA!  
500 KR.  
MIDVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR  
500 KR.  
Á ALLAR MYNDIR MERKTAR MED RAUDUM TILBOÐSBORÐA

TEKJUHÁSTA MYND ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI

QUANTUM OF SOLACE  
REYKJAVÍK ROTTERDAM  
LUKKU LÁKI  
MAMMA MIA

**SÝNINGARTÍMAR**

QUANTUM OF SOLACE	kl. 5, 7:30 og 10 - POWER	12
QUARANTINE	kl. 8 og 10	16
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 10	12
LUKKU LÁKI	kl. 6	L
MAMMA MIA	kl. 6 og 8	L

**SAMBÍÓIN**

CHRISTIAN BALE  
A WINTER HEARTS FILM  
**RESCUE DAWN**

HOW TO LOSE FRIENDS & ALIENATE PEOPLE

**ALFABAKKA**

HOW TO LOSE...	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
HOW TO LOSE...	kl. 8 - 10:20	VIP
RESCUE DAWN	kl. 8 - 10:30	16
FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D	kl. 6:30	L
HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 5:30 - 6 - 8:30	L
EAGLE EYE	kl. 8 - 10:30	12
EAGLE EYE	kl. 5:40	VIP
SEX DRIVE	kl. 8 - 10:20	12

**SELFOSS**

JAMES BOND	kl. 8 - 10:20	12
MY BEST FRIEND'S GIRL	kl. 8	12
EAGLE EYE	kl. 10:20	12

**AKUREYRI**

HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 8	L
BANGKOK DANGEROUS	kl. 8	16

**KEFLAVÍK**

JAMES BOND	kl. 8 - 10:20	12
THE HOUSE BUNNY	kl. 8	L
MAX PAYNE	kl. 10:10	16

**KRINGLUNNI**

RESCUE DAWN	kl. 5:40 - 8 - 10:30	16
HOW TO LOSE FRIENDS...	kl. 8 - 10:20	12
FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D	kl. 6:30	L
HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 5:40D - 8D	L
EAGLE EYE	kl. 10:20D	12
JOURNEY 3D	kl. sýnd á lau. og sun.	L

SAMBIO.IS

**NÝTT Í BÍÓ!**

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!  
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS! NÆST STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI!  
25.000 MANNS Á 5 DÖGUM!

**QUANTUM OF SOLACE**

...MED BETRI SPENNUMYND ÁRSINS!  
"BESTA SPENNUMYND ÁRSINS HINGAÐÍLL"  
"STANLAUS KEYSLA FRÁ UPPHAFI TIL ENDA"  
"FRABÆR VÍÐBÓT VIÐ LENGSTU KVÍKMYNDADESERIÚ ALLRA TÍMA OG GEFUR NYLLEGUM HÁSARMYNDUM EKKERT EFTIR"  
"FYRSTA FLOKKS BOND-MYND"

LÚXUS

BRJÓLÆÐISLEGA FYNÐIN MYNDI  
Í ENDA AMERICAN PIE!

10 TILNEFNINGAR TIL EDDUVERÐLAUNA  
BESTA MYNDIN - BESTI LEIKSTJÓRI - BESTI LEIKARI

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

QUANTUM OF SOLACE	kl. 4 - 5:30 - 6:30 - 8	12
QUANTUM OF SOLACE	kl. 9 - 10:30	12
QUANTUM OF SOLACE LÚXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
QUARANTINE	kl. 10:10	16
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5:50 - 8	14
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 3:45	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3:45	L

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000 **650 kr.**

**ÓDÝRT Í BÍÓ!**

QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30 - 8 - 10:20	12
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 8 - 10:15	14
MAX PAYNE	kl. 10:15	16
BURN AFTER READING	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
HOUSE BUNNY	kl. 5:50 - 8	L

**HÁSHOLA BÍÓ** Sími 530 1919

QUANTUM OF SOLACE	kl. 6 - 8:30 - 11	12
WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN	kl. 6 - 8	10
THE WOMEN	kl. 5:30	L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5:40 - 8 - 10:10	14
BURN AFTER READING	kl. 10:15	16
MAX PAYNE	kl. 8 - 10:15	16

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

QUANTUM OF SOLACE	kl. 6 - 8 - 10:10	12
QUARANTINE	kl. 6 - 8 - 10	16

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANN Á **mid.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI

## ÁBYRGÐARLAUS BLOGGSKRIF?

Jónas Kristjánsson harðneitar að segja hverjir hinir þjóðþekktu sundlaugarslagsmálahundar eru. Ari Matthíasson (til hægri) segist óneitanlega hljóta að liggja undir grun um óspektir sem þjóðþekktur Vesturbæingur og sundgarpur. Jónas er fyrrverandi ritstjóri DV og lagði í starfi sínu mikla áherslu á að nafngreina beri menn í fréttum. Að öðrum kosti sé verið að varpa grun á aðra.



## Jónas neitar að kjafta frá

Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri DV, er höfundur þeirrar kenningar að nafngreina beri menn í fréttum því að öðrum kosti sé verið að varpa grun á aðra. Á bloggi sínu greinir hann frá slagsmálum þjóðþekktara manna í Seltjarnarnessundlaug og Ari Matthíasson segist saklaus liggja undir grun.

„Hrikalegt að liggja saklaus undir grun um þessar óspektir. Ég skora á þennan ábyrgðarlausu bloggara að nefna menn sínum réttu nöfnum. Svo við, þjóðþekktir Íslendingar (sem ég tel mig vera), Vesturbæingur og sundmenn, þurfum ekki að teljast hugsanlegir slagsmálahundar,“ segir Ari Matthíasson, leikari og fyrrverandi fram-


kvæmdastjóri hjá SÁÁ. Jónas Kristjánsson segir athyglisverða sögu á bloggi sínu um að illindi séu risin meðal Vesturbæinga og Seltirninga vegna misjafna hefða við sundið. Meðan Vesturbæingur synda í O þá synda Seltirningar fram og til baka á brautum laugarinnar. „Um daginn var Vesturbæingur í Seltjarnarlauslaginni. Til slagsmála kom milli hans og Seltirninga vegna ólíkra siðvenja. Skilja þurfti sundur hina þjóðkunnna menn,“ skrifar Jónas. Ari hefur verið fastur gestur í Neslauginni í mörg ár, syndir 2 kílómetra daglega og kannast vel við þessa reglu um mismunandi siðvenjur. Þetta sé furðulegt fyrirkomulag í Neslauginni en heimakærir Seltirningar vilja synda fram og til baka en þá komist færri að. „Ég syndi alltaf í O svo fleiri komist að. Og það hefur verið kvartað undan mér. Kerling spurði hvort ég vildi verða fyrir því að synda á sig og svo strunsaði

hún úr lauginni. Þetta er mikil frekja að einoka hverja braut,“ segir Ari.

„Þú færð það ekki upp úr mér hverjir þetta voru. Þetta er öðruvísi en þegar maður er að fjalla um stjórnálamenn eða glæpamenn,“ segir Jónas. Hann var ekki vitni sjálfur en nákominn ættingi sá atburðinn. Jónas segir þetta meira djók með vísan til þessara siðvenja í laugnum. Aðspurður segist hann kannast við kenninguna um nafngreiningu. „Jú, þetta er mín kenning. En hér er um að ræða svo rosalega dreifðan hóp. Ekki eins og um sé að ræða gullsmið við Laugavegin. Ekki eins og einhverjir tveir geti tekið þetta til sín. Þetta eru svona tvö þúsund manns sem koma til greina. Svo er ég líka hætstur að vera blaðamaður heldur er fúskari úti í bæ. Sem hef verið að skrifa mikið um vandamál þjóðfélagsins. Og er orðinn þreyttur á því,“ segir Jónas Kristjánsson.

jakob@frettabladid.is

# RÁÐGJAFATORG



Í dag, miðvikudaginn 12. nóvember milli kl. 17.00 og 21.00, verða ráðgjafar Glitnis við símann og svara spurningum viðskiptavina.

Sérfræðingar frá Eignastýringu Glitnis, Almenna lífeyrissjóðnum og Glitni Fjármögnun munu svara fyrirspurnum ásamt ráðgjöfum Glitnis.

Hringdu í Ráðgjafatorg Glitnis milli kl. 17.00 og 21.00 í síma 440 4000.

GLITNIR



# BANEITRUÐ OG BRÁÐFYNDIN

TOMISLAV BOKŠIĆ er leigumorðingi í New York og þarf að flýja land í skyndi. Fyrir tilviljun endar hann á Íslandi þar sem menn halda að hann sé amerískur sjónvarpsprestur.


**10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp** er æsispennandi skemmtisaga með háalvarlegum undirtón.

**„Frábær lesning. Hvergi dauður punktur.“**  
RAGNAR BRAGASON, KVÍKMYNDAGERÐARMADUR

**„Baneitruð og bráðfyndin. Hallgrímur er Tarantino íslenskra bókmennta.“**  
FREYR EYJÓLFSSON, ÚTVARPSMADUR

**„Skemmtileg ádeila þar sem stungið er á öllum helstu kylum í þjóðfélaginu ...“**  
GUÐMUNDUR HILBERG JÓNSSON, VÉLTÆKNIFRÆÐINGUR

**„Algjör snilld, ég mæli með að fólk lesi þessa bók sem fyrst ...“**  
MAGNÚS RÚNAR MAGNÚSSON, TROMMULEIKARI Í TRÚBOÐUNUM



HALLGRÍMUR HELGASON er einn kraftmesti og frumlegasti rithöfundur landsins. Hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Höfund Íslands og hefur tvívegis verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

**Hér er hann í essinu sínu!**

## > Guðbjörg ætlar að semja við Djurgården

Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Vals og landsliðsins, hefur náð munnlegu samkomulagi við sænska stórlíðið Djurgården og er á leiðinni út til Svíþjóðar til þess að skrifa undir tveggja ára samning. Guðbjörg er önnur Valskonan sem leggur í vikingi til Svíþjóðar því áður hafði þjálfari hennar Elisabet Gunnarsdóttir tekið við Kristianstad. Það þykir líka afar líklegt að Margrét Lára Víðarsdóttir gangi til liðs við Linköping á næstu dögum. Guðbjörg var við það að semja við Djurgården í fyrra en hætti við og var áfram í Val. Hún sleit síðan hásin í apríl og missti af nær öllu tímabilinu en náði restinni af tímabilinu með ótrúlegum vilja og dugnaði. Svíarnir fylgdust vel með endurhæfingunni og misstu aldrei áhugann á íslenska landsliðsmarkverðinum.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## KRISTINN JAKOBSSON: DÆMIR LEIK Í NÆSTU UMFERÐ RIÐLAKEPPNI MEISTARAEILDAR EVRÓPU Í FÓTBOLTA

# Viðurkenning fyrir íslenska dómara yfirhöfuð

Milliríkjadómaranum Kristni Jakobssyni hefur verið úthlutað spennandi verkefni af Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA), en hann mun dæma leik í næstu umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

„Ég mun dæma leik í Meistaradeildinni annaðhvort 25. nóvember eða 26. nóvember næstkomandi en það liggur ekki alveg ljóst fyrir hvaða leikur það verður. Það skiptir svo sem ekki öllu máli þar sem þetta eru allt toppleikir. Það er bara mikill heiður að fá þetta verkefni og eitthvað sem maður er búinn að vera að stefna að lengi, að fá að dæma leiki af þessari stærð. Þetta er líka náttúrulega frábær viðurkenning fyrir íslenska dómara yfirhöfuð,“ segir Kristinn.

Kristinn hefur verið að vinna sig jafnt og þétt upp sem milliríkjadómari og segir að þolinmæðin sé nú heldur betur að skila árangri.

„Þetta er í fyrsta lagi spurning um að sanna sig og svo í öðru lagi að gera sitt til þess að halda sér í hæsta styrkleikaflokknum. Þolinmæði er dyggð í þessu eins



og svo mörgu öðru en það má segja að ég hafi náð að naga mig í gegnum þróskuldinn í þessu í fyrra þegar ég komst inn í efsta gæðaflokk dómara hjá UEFA. Í kjölfarið af því fékk ég verkefnið að vera fjórði dómari á lokakeppni EM síðasta sumar og sú tilnefning sagði mér að ég væri að gera eitthvað rétt. Þar fékk maður smjörþefningu af einhverju stærra, sem nú er raunin,“ segir Kristinn.

Kristinn situr ekki á rassinum þó svo að Landsbankadeildinni sé lokið og gerir sitt til þess að halda sér í formi þegar kallið kemur frá UEFA.

„Ég þarf að fylgja eftir æfingaáætlun sem UEFA sendir mér og gerir strangar kröfur um að maður sé í góðu líkamlegu ásigkomulagi. Eins fer ég reglulega utan í ýmis þolpróf og önnur próf til þess að kanna enskukunnáttu og þekkingu á lögum og reglum. Ég reyni líka að fá alla leiki sem eru í boði til þess að undirbúa sig eins vel og mögulegt er. Ég mun reyndar dæma vináttulandsleik á milli Írlands og Póllands í næstu viku og það er finn leikur til undirbúnings fyrir Meistaradeildina,“ segir Kristinn.

## Sigurganga Hamarskvenna: Mæta meisturunum í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Hamarskonur, eina ósigraða liðið eftir fyrstu fimm umferðirnar í Iceland Express-deild kvenna, fá Íslandsmeistara Keflavíkur í heimsókn í Hveragerði í kvöld.

Karla- og kvennalið Hamars hafa aldrei byrjað betur í efstu deild en kvennaliðið í vetur. Hamarsliðið hefur verið erfitt heim að sækja það sem af er vetrar en liðið hefur unnið þrjá heimaleiki sína með 33,7 stigum að meðaltali, nú síðast 16 stigum sigur á Val.

Keflavík hefur unnið alla útileiki tímabilsins til þessa (2 í deild og 2 í fyrirtækjábikar) en bæði töp liðsins í vetur hafa komið á heimavelli. Haukar heimsækja Grindavík og Valur tekur á móti KR í hinum leikjum kvöldsins en allir hefjast þeir klukkan 19.15.

# Ég ákvað að gefa Eiði frí

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir það sína ákvörðun en ekki Eiðs Smára að gefa honum frí í vináttuleiknum gegn Möltu sem fer fram eftir viku. Einn nýliði er í landsliðshópi Ólafs. Enn er ekkert pláss fyrir Jóhannes Karl.

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson valdi í gær 18 manna leikmannahóp sem mætir Möltu í vináttulandsleik ytra hinn 19. nóvember næstkomandi. Garðar Jóhannsson er eini nýliðinn í hópnum. Nokkrir leikmenn fá frí að þessu sinni en það eru Eiður Smári Guðjohnsen, Kristján Örn Sigurðsson, Brynjar Björn Gunnarsson og Stefán Gíslason. Theodór Elmar Bjarnason og Ragnar Sigurðsson eru meiddir og fá því hvíld í þetta skiptið.

Athygli vakti að Eiður Smári sagði í viðtali við Morgunblaðið í lok síðasta mánaðar að hann sæi ekki fram á að gefa kost á sér í hópinn fyrir Möltuleikinn og því lá beinast við að spyrja landsliðsþjálfarann að því hvort það væri ákvörðun hans eða Eiðs að vera ekki í hópnum að þessu sinni?

„Þetta var ákvörðun sem ég tók. Hvort það var rétt haft eftir honum í þessu viðtali er svo annað mál. Þetta er samt algjörlega mín ákvörðun. Það er ég sem ákveð



STJÓRINN Ólafur segist ráða en ekki Eiður Smári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## LANDSLIÐSHÓPURINN

### Markverðir:

Gunnleifur Gunnleifsson HK  
Árni Gautur Arason Odd Grenland

### Aðrir leikmenn:

Hermann Hreiðarsson Portsmouth  
Indriði Sigurðsson Lyn  
Gréttar Rafn Steinsson Bolton  
Bjarni Ólafur Eiríksson Valur  
Sólvi Geir Ottesen SönderjyskE  
Hallgrímur Jónsson GAIS  
Emil Hallfreðsson Reggina  
Birkir Már Sævarsson Brann  
Aron Einar Gunnarsson Coventry  
Pálmi Rafn Pálmason Stabæk  
Helgi Valur Danielsson Elfsborg  
Arnór Smárason Heerenveen  
Guðmundur Steinarsson Keflavík  
Heiðar Helguson Bolton  
Veigar Páll Gunnarsson Stabæk  
Garðar Jóhannsson Fredrikstad

hverjir fá frí, Eiður er að koma úr meiðslum og því kannski mikið álag að láta hann spila tvo leiki sömu vikuna,“ sagði Ólafur en Eiður hefur verið að stíga upp úr meiðslum og lítið spilað síðustu vikur. Hefur maður eins og hann ekki bara gott af því að koma með til Möltu og spila að lágmarki einn hálfleik?

„Auðvitað er alltaf hægt að segja það líka og ég er sammála því en ég tek þessa ákvörðun þó svo hún sé kannski umdeilanleg. Mér finnst allt í lagi að nota þennan leik í að láta þá spila sem hafa verið varamenn. Þetta er upplagt tækifæri að skoða þá,“ sagði Ólafur.

Jóhannes Karl Guðjónsson hlýtur enn og aftur ekki náð fyrir augum landsliðsþjálfarans en hann hefur spilað einstaklega vel í ensku 1. deildinni.

„Hann er ekki valinn í þetta skiptið en ég endurtek að ég hef ekki lokað hurðinni á hann,“ sagði Ólafur sem viðurkennir að hann hafi ekki verið ánægður með þær skýringar sem hann fékk frá Jóhannesi á sínum tíma er hann gaf ekki kost á sér. „Það er ekkert persónulegt í þessu en ég var ekki 100 prósent ánægður með þær skýringar sem hann gaf fyrir fjarveru sinni og það hefur kannski átt einhvern þátt í þessu.“ sagði Ólafur.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Enski deildabikarinn:

Arsenal-Wigan	3-0
Jay Simpson 2, Carlos Vela.	
Man. Utd-QPR	1-0
Carlos Tevez, víti.	
Stoke-Rotherham	2-0
Glenn Whelan, Danny Pugh.	
Derby-Leeds	2-1
Emanuel Villa, Nathan Ellington - Luciano	
Becchio	
Swansea-Watford	0-1
- Lee Williamson	



CARLOS TEVEZ Var hetja United í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Enski deildabikarinn:

## Táningar Arsenal sprækir

**FÓTBOLTI** Fjórir leikir fóru fram í 4. umferð enska deildabikarsins í gærkvöld.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, stillti upp liði táninga líkt og venjulega í þessari keppni og táningar Wengers voru ekki í neinum vandræðum með Wigan sem stillti upp sterku liði.

Man. Utd stillti upp reyndara liði gegn QPR en leikmenn byrjunarliðsins hafa flestir fengið takmarkaðan spiltíma í vetur.

United lenti í vandræðum með QPR og tókst ekki að brjóta ísinn fyrir en stundarfjórðungi fyrir leikslok er Tevez skoraði úr víti og það dugði til sigurs gegn baráttuglöðu liði QPR sem seldi sig dyrt á Old Trafford.

- hbj

**Til leigu**  
iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000

**Húðlækningar**

Hef flutt húðlæknastofu mína í nýja húsið í Glæsibæ, 5. hæð. Sama hús og Hreyfing. Tímápananir í síma:


**554 64 46**

**Hugrún Þorsteinsdóttir**  
Húð- og kynsjúkdómalæknir

Glæsibær | Álíheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 554 6446 | hugrun@hlgr.is

**HLGR**  
HÚÐLÆKNAR  
GLÆSIBÆ

HEITASTI LEIKUR ÁRSINS Á MIÐNÆTTI Í ELKO!  
MIÐVIKUDAGUR KL. 23:55 - OPIÐ Í SKEIFUNNI OG LINDUM



# WORLD OF WARCRAFT

## WRATH of the LICH KING



**9.**  
HVER VINNUR!

SENDUSMS  
**BTL EWW** Á NÚMERIÐ 1900  
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ WORLD OF WARCRAFT!  
VINNINGAR: TÖLVULEIKIR OG DVD MYNDIR OG FLEIRA






## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 21.05

## Grey's Anatomy

Fimmta þáttaröð Grey's Anatomy er hafin á Stöð 2 og spennan þegar orðin mikil. Derek og Meredith hafa ákveðið að hann flytji til hennar. Hún veit ekki alveg hvernig hún á að bregðast við þegar hann vill fara að breyta í íbúðinni. George er að fara yfir um af prófstressi og má því ekki við ástandinu sem skapast á spítalanum þegar pípulagnir springa og allt fer á flot. Þættirnir eru endursýndir á Stöð 2 Extra klukkan 22 á fimmtudögum og á sunnudögum kl. 23.20.



► VIÐ MÆLUM MEÐ  
Músíktilraunir 2008  
Sjónvarpið kl. 23.05

Upptaka frá lokakvöldi Músíktilrauna sem haldið var í Listasafni Reykjavíkur síðastliðið vor. Músíktilraunirnar hafa verið árviss viðburður síðan 1982 og helsti vettvangurinn fyrir ungar íslenskar hljómsveitir og tónlistarfólk á aldrinum 13-25 ára, til að koma tónlist sinni á framfæri. Keppnin hefur getið af sér fjöldann allan af frambærilegum hljómsveitum og listamönnum, svo sem Dúkkulísumar, Greifana, Maus, Botnleðju, Mínus og Jakobínarínu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Heimsauga
06.40 Veðurfregnir	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
07.30 Fréttayfirlit	17.03 Víðsjá
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Auðlindin
09.45 Morgunleikfimi	18.23 Fréttayfirlit og veður
10.13 Brot af eilífðinni	18.26 Spegillinn
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
11.45 Í móttbyr	19.00 Endurómur úr Evrópu
12.00 Fréttayfirlit	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútlarp	20.30 Stefnumót
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Út um græna grundu
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vilt og breitt	22.15 Bókafingur
14.03 Heimur óperunnar	23.10 Krossgötur
15.03 Útlarpssagan: Rigning í nóvember	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.00 Hollyoaks (57:260)

16.30 Hollyoaks (58:260)

17.00 Seinfeld (9:24)

17.30 The Dresden Files (12:13)

18.15 Punk'd (15:16)

18.35 Kenny vs. Spenny (9:13)

19.00 Hollyoaks (57:260)

19.30 Hollyoaks (58:260)

20.00 Seinfeld (9:24)

► 20.30 The Dresden Files (12:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamáli. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.

21.15 Punk'd (15:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjórnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél.

21.35 Kenny vs. Spenny (9:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvort annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum.

22.00 Chuck (11:13)

22.45 Terminator. The Sarah Connor Chronicles (8:9)

23.30 My Bare Lady (1:4)

00.15 Myndbönd frá Skífan TV

## INN

20.00 Lífsblómið Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.

21.00 Nýsköpun Umsjón Andri Heiðar Kristinsson stofnandi og framkvæmdastjóri Innovit

21.30 Kolfinna Umræðubáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Hammerslag  
13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Pigerne Mod Drengene 15.30 Hannah Montana 15.55 Svampebob Firkant 16.20 F for Får 16.30 Skæg med tal 16.55 Gurli Gris 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Hvad er det værd? 19.00 DR1 Dokumentaren 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 21.00 En sag for Frost 22.30 Onsdags Lotto 22.35 OBS 22.40 Sommer 23.35 Seinfeld 23.55 Plan dk

## NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Jessica Fletcher 13.00 NRK nyheter 13.05 Barneny spesial 13.30 Allo, Allo! 14.00 NRK nyheter 14.05 Utfordringen 14.30 Ace Lightning 15.00 NRK nyheter 15.10 H2O 15.35 Animalia 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Vår aktive hjerne 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Rupert Björn 17.10 Lillefot og vennene hans 17.35 Plopp, Plopp og Plomma 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerspektørene 18.55 Tingenes tilstand 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 House 21.30 Migrapollis 22.00 Kveldsnytt 22.15 Lydverket 22.45 The Wire 23.40 Spekter

## SVT 1

12.00 På västfronten intet nytt 13.40 Andra Avenyn 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Avalon Heights 15.30 Mega 16.00 Julomtens lärling 16.15 Dagens visa 16.20 Vem räddar Alfons Åberg 16.30 Den itusagade kaninen 16.40 Hemska Henry 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Plus 20.30 Carin 21.30 21.00 The Tudors 22.00 Livet i Fagervik 22.45 Kulturnyheterna 23.00 Svensson, Svensson 23.30 Robins 00.00 Sändningar från SVT24

## Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

## Dagur ungra fræðimanna í Evrópumálum



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Ráðstefna á vegum  
Alþjóðamálastofnunar  
Háskóla Íslands og  
Samtaka iðnaðarins  
í Norræna húsinu,  
föstudaginn  
14. nóvember  
kl. 13 – 16.

## Fundarstjóri:

Porsteinn Pálsson,  
ritstjóri Fréttablaðsins

Allir velkomnir

13.00 – 13.05 *Porsteinn Pálsson*, ritstjóri Fréttablaðsins, opnar málfingið13.05 – 13.10 *Jón Steindór Valdimarsson*, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins ávarpar fundinn og kynnir námsstyrki í Evrópufræðum13.10 – 13.25 **Knúíð á lokaðar dyr? Sameiginleg hælisstefna Evrópusambandsins**  
*Auður Birna Stefánsdóttir*, MA í alþjóðasamskiptum13.25 – 13.40 **Mismunur og réttlæti í evrópskum skattarétti**  
*Ragnar Guðmundsson*, lögfræðingur13.40 – 13.55 **Áhrif Evrópusambandsins á stefnumótun íslenska raforkumarkaðarins**  
*Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir*, stjórnvísulfræðingur13.55 – 14.10 **A search for an explanation model for different integration preferences - A comparison of Iceland and Malta**  
*Yvonne Griep*, MA í alþjóðastjórnfræðum

14.10 – 14.35 Umræður

14.35 – 14.50 Kaffihlé

14.50 – 15.05 **„Íslendingar fá allt fyrir ekkert“. Samningahegðun og samningsstaða Íslendinga með áherslu á 10 ríkja stækkun ESB árið 2004**  
*Snorri Valsson*, MA í alþjóðasamskiptum15.05 – 15.20 **Samninganet Íslands og Evrópusambandsins með hlidsjón af mögulegri aðild Íslands að ESB**  
*Anna Margrét Eggertsdóttir*, meistaranemi í alþjóðasamskiptum15.20 – 15.35 **Gaspörf Evrópusambandsríkja, rússnesk orkustefna og deilur Pólverja og Þjóðverja um Nord Stream leiðsluna**  
*Haukur Claessen*, MA í alþjóðasamskiptum

15.35 Umræður

15.55 *Auðunn Arnórsson*, ritstjóri bókunnar *Evrópuvitund - Rannsóknir í Evrópufræðum 2007-2008*, afhendir greinarhöfundum fyrstu eintökin af bókinni

16.00 Málfingi slitið



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI

## KREPPAN



„Það eru allir að fara á hausinn og það er dálítið erfitt. Þá fer neyðin og nakta konan á stjá. Ég vil bara minna á það að við Íslendingar erum úrræðagóðir.“

Helga Braga Jónsdóttir leikkona.

# Með svarta beltið í verslunarferðum

„Ef verslunarhæfileikar væru mældir í beltum þá væri ég með svarta beltið,“ segir Dröfn Ösp Snorradóttir, nýráðinn verslunarfararstjóri hjá Iceland Express. Dröfn er þó ekki að fara að liðsinna eyðsluóðum Íslendingum um stórborgir Evrópu heldur mun hún ráðleggja útlendingum sem hingað koma yfir jólin hvar sé best að versla. Því má segja að dæmið hafi aðeins snúist við. „Það þarf að lappa aðeins upp á Tjallana og „dressa“ þá upp,“ bætir Dröfn við.

Dröfn, sem þekkt er sem blogg-drottning af Eyjunni, er einn af sex verslunarleiðsögumönnum hjá lágjaldafélaginu sem hyggst í fyrsta skipti bjóða upp á

sérstakar verslunarferðir til Íslands fyrir jólin. „Við finnum fyrir miklum áhuga hjá útlendingum að koma til Íslands. Við erum bara að reyna að nýta okkur þetta ástand sem er,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express.

Hann viðurkennir að þetta sé svolítið skondinn viðsnúningur. Fyrir íslenska efnahagshrunið hafi Íslendingar flykkst til Glasgow, Edinborgar og og keypt inn fyrir jólahátíðina. En nú hafi þetta algjörlega snúist við.


Útlendingarnir borga aðeins 75 pund eða sextán þúsund íslenskar krónur fyrir þjónustu verslunarleiðsögumanna en auk Drafnar verða meðal annars til

taks Nína Björk, ljósmyndari og stílisti, og Rósa E.R. Helgadóttir hönnuður.

Matthías bætir því við að þeir útlendingar sem hingað komi séu lítið að spá í budduna. „Nei, þeir hafa verið að versla ansi mikið og við sjáum það bara á yfirvigtinni hjá þeim farþegum sem fljúga heim,“ segir Matthías.

-fgg

**VERSUNARLEIÐSÖGUMADUR**  
Dröfn Ösp er ein þeirra fjölda leiðsögumanna sem ætla að sýna Bretum allt það besta í íslenskri verslun þegar þeir koma hingað yfir jólin.



## LÁRÉTT

2. hróss, 6. bor, 8. gagn, 9. dæling, 11. kusk, 12. snjóhrúga, 14. dáð, 16. skst., 17. púka, 18. sprækur, 20. klaki, 21. dugnaður.

## LÓÐRÉTT

1. fíkniefni, 3. öflug röð, 4. ölvun, 5. hlóðir, 7. niðurlag, 10. útteildi, 13. af, 15. hviða, 16. neitun, 19. ónefndur.

## LAUSN

kast, 16. nei, 19. nn.

5. stó, 7. lokaóð, 10. gað, 13. frá, 15.

LÓÐRÉTT: 1. hass, 3. on, 4. fylker, ára, 18. em, 20. ís, 21. íðni!

LÁRÉTT: 2. lofs, 6. al, 8. nyl, 9. sog, 11. ló, 12. skaffi, 14. afrek, 16. no, 17.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

1. Stykkishólmur.
2. Framsóknarflokk.
3. Virðing og réttlæti.

**Miðvikudagstilboð**  
á völdum vörum frá

**ONE**  
Alla miðvikudaga...

**SMÖKKUR.IS**

INGI ÞÓR JÓNSSON: FER TIL STÆRSTU LISTAMIÐSTÖÐVAR N-BRETLANDS

## Starfar með stjórnunum

„Þetta er ofsalegur heiður og ofboðslega spennandi,“ segir Ingi Þór Jónsson, sem hefur verið ráðinn sem verktaki og verkefnastjóri stærstu listamiðstöðvar Norður-Bretlands, The Novas Contemporary Urban Center.

Fyrsta verkefni Inga Þórs í næstu viku verður að taka á móti þremur stjórnunum úr kvikmyndabransanum, eða leikstjóranum Guy Ritchie, sem nýverið skildi við Madonna, og leikurunum Jude Law og Robert Downey Jr. Verða þeir með aðstöðu í listamiðstöðinni í tengslum við tókur á stórmyndinni Sherlock Holmes. „Það verður gaman og þetta er líka góð auglýsing fyrir það sem við erum að gera,“ segir Ingi.

Undir merkjum listamiðstöðvarinnar, sem er í Liverpool, er 600 manna leikhús, 300 manna tónleikasalur, tveir veitingastaðir, tveir bíósalir, fundarmiðstöð og listagallerí.

Auk þess að vera með puttana í því sem viðkemur starfseminni verður Ingi Þór ráðgjafi þriggja virtra listasafna í London sem nefnast London Bridge Bankside, Camden Town og Soho.

Starf Inga sem skipuleggjandi norrænu menningarhátíðarinnar NICE08 í Liverpool heillaði eigendur Novas-miðstöðvarinnar og ákváðu þeir í framhaldinu að bjóða honum þessa eftirsóknarverðu stöðu. „Þeir voru hrifnir af þessari formúlu sem við vinnum með,“ segir hann og vonast eftir góðu samstarfi við þá íslensku listamenn sem hafa áhuga á að sýna í Bretlandi.

Og meira um Inga Þór og stjórnufans í Liverpool því þær voru á hverju strái á evrópsku MTV-verðlaunahátíðinni sem var haldin þar í borg á dögum.

Bítillinn Sir Paul McCartney var heiðraður á hátíðinni og snæddi hann kvöldverð á vinsælum veitingastað með bróður sínum Mike og Inga. Við hlið þeirra sat söngkonan Pink og sagði Ingi hana lausa við alla stjörustæla. „Hún var eina



**STÓRT NAFN Í LISTALÍFINU Í LIVERPOOL** Ingi Þór Jónsson hefur verið ráðinn verktaki og verkefnastjóri stærstu listamiðstöðvar Norður-Bretlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stjarnan sem pantaði sjálf mat af matseðlinum,“ segir hann og bætir við að hún hafi heldur ekki óskað eftir því að diskarnir hennar yrðu þvegnir upp úr flöskuvatni eins og stjórnur á borð við Beyoncé gerðu. „Hún var eina almennilega manneskjan þarna. Liverpool-búar eru jarðbundnir og kunna ekki við svona lið.“

Ingi hefur þekkt Mike McCartney í mörg ár og í gegnum hann hafa fundirnir með Paul verið margir. „Hann er ljúfur og góður. Þetta er yndislegt fólk. Þeir eru eins og konungsfjölskyldan hérna, eins og gefur að skilja,“ segir hann um McCartney-bræðurna.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Upp er kominn sérkennilegur metingur milli íslenskra bókaforlaga. Forlagið kynnti metprentun á fyrstu prentun **Arnaldar Indriðasonar** eða í 30 þúsund eintökum. Veröld Bjartur svaraði því með að segja af metprentun kvenrithöfundar, bók **Yrsu Sigurðardóttur**, eða tíu þúsund eintök og er vel í lagt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Forlagsmenn með mótaleik en þeir ætla að boða met-fyrstu-prentun á bók rithöfundar sem á tvíburabróður í Vinstri grænum. Þar er um að ræða bók **Ármanns Jakobs** Vonarstræti en einhverja hluta vegna fylgir ekki sögunni í hversu mörgum eintökum bókin verður prentuð.



Út er komið stórmerkilegt alfræðirit sem heitir „Saga mannsins – frá örófi fram á þennan dag“, í ritstjórn **Illuga Jökulssonar**. Kynningarpóstur hefur verið sendur frá útgáfufyrirtækinu Skugga til helstu fyrirtækja þar sem mælt er sérstaklega með bókinni sem ákjósanlegri jólagjöf. Í póstinum er að finna setningu þar sem segir meðal annars: „Í þessari frábæru bók er saga mannsins rakin frá fyrstu apamönnunum í Afríku til Baraks Obama...“ Telja gárungar sig finna rasisma þar – sem vitaskuld er fráleit-ur útrúningur því fáir hafa ritað meira og harðar gegn því fyrirbæri en einmitt Illugi.



Fréttablaðið sagði fyrir skemmstu af kynnum vatnsbóndans **Jóns Ólafssonar** og **Maxine Gaudio** sem verið hefur andlegur leiðtogi, gúru, hans síðustu ár. Jón er þó ekki eini Íslendingurinn sem notið hefur leiðsagnar Gaudio.

**Bryndís Jakobsdóttir**, tónlistarkonan unga, hefur verið undir verndarvæng gúrúsins sem meðal annars hjálpaði henni að sigrast á sviðsskrekki.

-jbg, hdm

## Rómantískur Stefán Máni

Glæpasagnahöfundurinn Stefán Máni virðist við fyrstu sýn ekki vera hinn dæmigerði mjúki maður. Sögur hans eru uppfullar af hörkutólum og ofbeldissegjum. Og sjálfur stundar rithöfundurinn sund í köldum sjó, skartar stórglæsilegum húðflúrum og lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. En í smáauglýsingadálki Fréttablaðsins í gær sýndi Stefán Máni að hann er kannski ekki allur þar sem hann er séður. Því þar birtist ástarjóningur skáldsins til unnustu hans, Þórdísar Filippadóttur. „Ég er bara ástfanginn maður og þetta er svo sannarlega tíminn til að sýna það,“ segir Stefán í samtali við Fréttablaðið.

Stefán segist hafa fundið til einhverrar löngunar til að koma konu



**RÓMANTÍSKUR INN VIÐ BEINIÐ** Stefán Máni opinberaði nýja hlið á sér í gær morgun þegar hann sendi unnustu sinni ástarjóningu í gegnum smáauglýsingu í Fréttablaðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sinni á óvart. Og fannst þetta vera besta ráðið. „Ég færði henni blaðið

í rúmið og sagði henni að kíkja á einkamálauglýsingarnar,“ útskýrir Stefán og er augljóslega nokkuð sáttur með uppátæki sitt. Hann bætir því svo við að þetta sé ekkert bónorð í beinni, því hann hafi beðið hennar fyrir nokkru. Og fengið já-svarið.

Stefán viðurkennir að fyrir nokkrum árum hefði hann kannski verið smeykur við að gera eitthvað í líkingu við þetta. En nú sé hann algjörlega óhræddur. „Ég vil líka vera „spontant“. Það er svo auðvelt að gera eitthvað svona á konudaginn. Ég vil miklu frekar rækta ástina hina 364 daga ársins,“ segir Stefán. Það má svo fylgja sögunni að Þórdís tók þessu uppátæki ákaflega vel.

-fgg

**FISKBÚÐIN HAFBERG** Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

**Úrval fiskrétta**  
í ofninn eða pönnuna.

**Veljum íslenskt**

**opið**  
mán-fös 10-18:15  
og lau 11-14:00

# ÓÐUR TIL LÍFSINS

Í sól og skugga er í senn hugljúf  
ástarsaga og hrífandi óður til lífsins.



**JPV**  
JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

Eldmóður, heitar tilfinningar og iðandi mannlíf einkenna litríkar mannlífsmyndir **BRYNDÍSAR SCHRAM** frá Bandaríkjunum, Finnlandi, Suður-Ameríku og síðast en ekki síst nýjum heimkynnum hennar í Andalúsíu.

Fjörug og leikandi frásögn sem yljar og gleður.

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík  
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi  
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm  
í svefnpokaplássi  
kr. 2.000 nóttin



**BAKPANKAR**  
Pórhildar Elínar  
Elínardóttur


## Heimska leiðin

Undanfarnar vikur hefur verið lífsins ómögulegt að opna nokkurn miðil án þess að úr hellist kreppan með öllum sínum fylgiskum: Yfirvofandi atvinnuleysi fjölda fólks, ókleifum skuldahamrinum, gjaldþroti fyrirtækjanna, vöruskorti, gjaldeyrisskorti og gleðiskorti. Ekkert er eins auðvelt að kveikja og óttann því hann er eldfimari en olía. Á meðan svörin eru jafn ótrygg og raun ber vitni rekur ein upphrópun aðra. Einn daginn var það finnska leiðin sem hafði víst gengið svo ljómandi vel. Og hvarvetna mátti sjá stórar fyrirsagnir: Finnska leiðin!

**DAGINN** eftir kom í ljós að finnska leiðin var ekki sú töfra lausn sem talið var í gær heldur hrjóstrug vegferð á mörkum hungursneyðar og hörmunga. Ofan í kaupið værum við mun verr stödd en finnska þjóðin á sínum tíma, reyndar þurfi okkar reikningsdæmi ekkert minna en kraftaverk til að ganga upp. Enginn veit samt almennilega hversu endanleg tortímingin er því fréttirnar rekast hver á annars horn. Segja annars vegar að við verðum galeiðuprælar þjóðarskútnunnar ævina út, til að borga eitthvað sem við áttum aldrei. Hins vegar að eignir dugi að öllum líkindum til að jafna út skuldir bankanna í útlöndum. Rússagullið reyndist vera bara í plati en skyndilega datt pólskt lán inn um lúguna og forsætisráðherra varð svo aldeilis hlessa og bit. Fréttaflutningurinn virðist stundum frekar eiga uppruna í sögusögnum en staðreyndum og niðurstaðan er óngþveiti.

**HVAÐ** sem öllu líður er að minnsta kosti ljóst fyrir löngu að meðvirkt ástarsamband Seðlabankans og íslensku krónunnar er dauðadæmt. Bankastjórnin er eins og barin eiginkona sem yfirgefur ekki ofbeldisfullan alka af því hún vonar að hann muni að lokum verða góður ef hún stendur nógu lengi með honum. Heimilið á barmi glötunar en skynsemin víðsfjarri. Íslenska krónan skal ekki skekin af stalli sínum því þá væri verið að viðurkenna mistök. Þess í stað skal farin heimska leiðin: Að hampa krónunni sem sameiningartákni þjóðarinnar.

**TILFINNINGASEMI** og gjaldmiðill eiga enga samleið. Íslenska krónan er ekki þjóðtungan, fáninn, lýðræðið eða sjálfstæðið. Hún er stjórnláus fyllibytta sem hefur endanlega brotlent á botninum.

  
**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er miðvikudagurinn  
12. nóvember, 318. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.48	13.12	16.35
Akureyri	9.47	12.57	16.06

Heimild: Almanak Háskólans

## Góður lífeyrir - ávisun á betra líf



Nokkrar staðreyndir um Versicherungskammer Bayern  
(Bayern Líf) sem er samstarfsaðili Sparnaður

- Tilheyrir hópi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem er öflugasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi með yfir 50 milljónir viðskiptavina
- Er stærsta opinbera tryggingarfélagið innan hóps fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna og sérhæfir sig á kjarnasviðunum „lífeyrir“ og „tryggingar“
- Sparisjóðirir í Þýskalandi eru tryggðir í gegnum ábyrgðarsamtök sem borin eru uppi af S – Finanzgruppe

Nokkrar staðreyndir um „Séreign“ viðbótarlífeyrissparnað sem Sparnaður býður í samstarfi við Versicherungskammer Bayern (Bayern Líf) á Íslandi.

- Enginn upphafskostnaður
- Tryggð ávöxtun
- Vextir eru reiknaðir mánaðarlega



SPARNAÐUR

Holtasmári 1 201 Kópavogur  
Sími: 5772025 www.sparnadur.is

# Bayern Líf.

VER  
SICHER  
KAMMER  
BAYERN  
UNGS

Finanzgruppe